

VR

06

KJARASAMNINGAR

Launahækkningar samkvæmt nýja kjarasamningnum tóku gildi þann 1. janúar 2014.

10

ORLOFSHÚS

Kynning á orlofshúsum VR í sumar ásamt afslætti í flug og pakkaferðir með WOW og Ícelandair.

20

ATVINNULEITENDUR

Viðtal við Gerðu B. Hafsteinsdóttur, fagstjóra vinnumiðlunar STARFs hjá VR, um þá þjónustu sem í boði er.

23

KOSNINGAR 2014

Kynning á frambjóðendum til stjórnar VR. Kosnið er á milli 15 frambjóðenda til sjö sæta í stjórn.



BLAÐSÍÐA 20

FRÉTTIR, GREINAR OG VIÐTÖL

- 04**
Notaðu afsláttinn
- 04**
Að semja um launin
- 05**
Námskeið og fyrirlestrar
- 06**
Nýir kjarasamningar 2014
- 08**
Þátttaka í atkvæðagreiðslum kjarasamninga
- 20**
Atvinnuleitendur
- 22**
Hvað gerir VR fyrir þig?
- 34**
Krossgátan
- 35**
Það er aldrei of seint að fara í nám

ORLOFSHÚS 2014

- 10**
Fáðu afslátt í ferðina þína!
- 10**
Ný hús í Miðhúsaskógi
- 10**
Bókunarreglur
- 11**
Danmörk – Stykkishólmur
- 12**
Illugastaðir – Blönduós

- 13**
Ölfusborgir – Vestmannaeyjar
- 14**
Siglufjörður – Hrísey
- 15**
Flúðir – Miðhúsaskógi
- 16**
Húsafell – Einarstaðir
- 17**
Reykjavík – Akureyri
- 18**
Hótelgisting – Dýrafjörður
- 19**
Ólafsfjörður – Hraunborgir

KOSNINGAR 2014

- 23**
Úr lögum VR um kosningar
- 24**
Allsherjaratkvæðagreiðsla í VR 2014
- 26**
Kynning á frambjóðendum til stjórnar VR



BLAÐSÍÐA 10



BLAÐSÍÐA 35



Forsíðumynd
Merki VR

VR
Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7,
103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is
www.vr.is

Ábyrgðarmaður
Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður

Ritstjóri
Unnur Guðriður Indriðadóttir

Umbrot og útlit
Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir
Eddi

Prentun
Oddi

Upplag
28.464

Stjórn VR
Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður
Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður
Sigurður Sigfússon ritari
Ásta Rut Jónasdóttir
Benóný Valur Jakobsson
Birgir Már Guðmundsson
Fríður Birna Stefánsdóttir
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir
Ólafía Ása Jóhannesdóttir
Páll Örn Líndal
Ragnar Þór Ingólfsson
Rannveig Sigurðardóttir

Varamenn
Benedikt Vilhjálmsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Óskar Kristjánsson

KJARASAMNINGAR Í HÖFN

Kjarasamningar VR og atvinnurekenda voru samþykktir í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í janúar síðastliðnum, samningurinn við Samtök atvinnulífsins var samþykktur með 55% atkvæða og samningurinn við Félag atvinnurekenda með 59% atkvæða. Mikill meirihluti aðildarfélaga í Landssambandi íslenskra verzlunarmanna samþykkti samningana og hafa ákvæði þeirra um launabreytingar þegar komið til framkvæmda. Á almennum vinnumarkaði er hins vegar komin upp mjög flókin staða eftir að um helmingur stéttarféлага innan Alþýðusambandsins felldi samningana og ljóst að framundan eru erfiðar kjaraviðræður. Flestir kjarasamningar opinberra starfsmanna eru auk þess lausir á vormánuðum og margir innan þeirra vébanda gera kröfur um miklar launabreytingar.



”Kjaramálin eru hjarta og þar af leiðandi þungamiðja félagsins og sá þáttur sem við leggjum mesta áherslu á.“

Ólafía B. Rafnsdóttir
Formaður VR

VR lagði af stað í síðustu kjarasamninga reiðubúið að leggja sitt af mörkum til að vinna að stöðugleika og kaupmætti til framtíðar. Með það að leiðarljósi skrifuðum við undir kjarasamningana í desember á síðasta ári. Verðbólguhorfur fyrir árið 2014 eru góðar, að mati margra sérfræðinga, og gera spár ráð fyrir því að verðbólga fari undir verðbólguþröng Seðlabankans á fyrri hluta ársins. Fyrstu tölur um þróunina renna stoðum undir þetta; vísitala neysluverðs lækkaði í janúar um 0,72% sem er mesta lækkun í einum mánuði frá sumri 2012. Þessi þróun er til marks um að sú leið sem farin var í síðustu kjarasamningum geti skilað áþreifanlegum árangri. Við hljótum að gera þá kröfu á stéttarfélögin sem enn eiga eftir að semja að þau gangi í takt við okkur hin og sýni sömu ábyrgð.

DRÆM KOSNINGARÞÁTTTAKA


Þátttaka í nýafstöðnum kosningum var afar dræm, en eins og sjá má í áhugaverðri úttekt Gylfa Dalmann, dósentis við viðskiptafræðideild HÍ, sem birt er hér í blaðinu, er það ekkert einsdæmi. Þetta á ekki einungis við um kosningar um kjarasamninga VR heldur einnig margra annarra stærri stéttarféлага. Þátttaka í kjöri um forystu félagsins hefur einnig verið lítil þó að hún hafi farið yfir 20% árin 2013 og 2009.

Það er erftitt að nefna einhverja eina ástæðu fyrir dræmri þátttöku í kosningum um mikilvægt málefni eins og kjarasamninga og forystu félagsins. Sumir benda á að VR hafi samið um markaðslaun og að tiltölulega fáir félagsmenn starfi samkvæmt þeim lágmarkstöxtum sem áhersla er lögð á í kjarasamningum. Aðrir telja að fólk á vinnumarkaði leiði almennt ekki hugann að stéttarfélaginu sínu nema eitthvað bjáti á.

HVER FÉLAGSMAÐUR SNERTIR FÉLAGIÐ A.M.K. MÁNAÐARLEGA

Samskipti VR og félagsmanna eru hins vegar mikil og hafa aukist síðustu ár fremur en hitt. Tæplega þrjátíu þúsund félagsmenn eru í VR og má til sanns vegar færa að hver og einn snerti félagið á einn eða annan hátt einu sinni í mánuði, eins og sjá má í úttekt um þjónustu félagsins sem birt er í þessu VR blaði. Hátt í 70 þúsund símtöl berast þjónustuveri félagsins á hverju ári og 27 þúsund heimsóknir á skrifstofur þess. Samskipti okkar eiga sér einnig stað í gegnum vefinn, í viðtölum við sérfræðinga félagsins, í VR blaðinu og með tölvupósti, svo eitthvað sé nefnt.

KOSNINGAR TIL STJÓRNAR 2014–2016

Fram undan eru kosningar til stjórnar félagsins fyrir kjörtímabilið 2014–2016. Það er ánægjulegt hversu margir bjóða fram krafta sína fyrir félagið – í framboði til sjö sæta í stjórn eru fimmtán einstaklingar sem kynna áherslur sínar hér í blaðinu. Ég hvet þig til að nýta atkvæðisrétt þinn og kjósa. Þitt atkvæði skiptir máli .

Ólafía Björk Rafnsdóttir,
formaður VR

VERTU Á VERÐI!

Aðildarfélag ASÍ fóru af stað með átak gegn verðhækkunum undir yfirskriftinni **Vertu á verði** fyrir einu ári.

Markmiðið með áttakinu er tvíþætt: Annars vegar að veita verslunar- og þjónustuaðilum aðhald, hvetja þá til að sýna ábyrgð og stöðva verðhækkunir. Hins vegar að brýna fyrir almenningi að vera á verði og fylgjast vel með þróun verðlags. Við hvetjum landsmenn til að láta vita af óeðlilegum verðhækkunum með því að senda inn farsímamyndir eða skilaboð á vefinn, **vertuaverði.is**. Sömuleiðis er hægt að láta vita af því sem vel er gert og vekja athygli á verðlækkunum. Okkur finnst öllum komið nóg af verðhækkunum. Við þurfum að standa saman og rjúfa víthring verðbólgunnar.


Það er hagsmunamál okkar allra að vera á verði og láta vita á www.vertuaverdi.is



SKÓLAKYNNINGAR VR SLÁ Í GEGN!

VR býður upp á frábærar kynningar fyrir bæði útskriftarhópa úr grunn- og framhaldsskólum. Mikil ánægja hefur ríkt meðal nemenda og kennara með kynningarnar, en markmiðið er að kynna fyrir nemendum helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Meðal annars er farið yfir: Kjarasamninga, vinnutíma, lágmarkslaun, launaseðla, uppsagnarfrest, veikindarétt og hvíldartíma.

Fræðslan hefur forvarnargildi, þar sem mikið er um að brotið sé á ungu fólki, og hefur hún gefið góða raun. Hluti af fyrirlestrinum er leikin atriði með Jóni Gnarr sem hafa vakið mikla athygli. Þeir skólar sem vilja bjóða nemendum sínum upp á slíka fræðslu geta haft samband við okkur í síma 510 1700 eða sent tölvupóst á Árdísi, ardis@vr.is.



NOTAÐU AFSLÁTTINN ÞINN!

Tugir fyrirtækja veita félagsmönnum VR afslátt af vörum og þjónustu.

Á orlofsvef VR – undir **afsláttur** – getur þú nálgast staðfestingu á félagsaðild þinni í VR og prentað hana út. Útprintunin er ígildi félagsskirteinis sem þú getur notað til að fá hina ýmsu afslátti hjá mörgum fyrirtækjum. Yfirlit yfir þau fyrirtæki sem veita þér afslátt er að finna á orlofsvef VR www.orlof.is/vr

AÐ SEMJA UM LAUNIN

VR býður félagsmönnum sínum á ókeypis námskeið til undirbúnings fyrir launaviðtalið. Tvö námskeið eru í boði, það fyrra 2. apríl kl. 19.00–22.00 og það síðara 3. apríl kl. 9.00–12.00.

Farið verður yfir þá þætti sem skapa virði starfsmanna. Rætt verður um starfsþróun, atvinnuhæfni og starfsþróunaráætlanir. Þátttakendur leggja mat á eigið vinnuframlag, meta styrkleika og veikleika sína og koma auga á þau tækifæri sem eru til staðar. Þátttakendur rýna einnig í eigin menntun, þekkingu, færni, hæfni, reynslu, árangur og frammistöðu í starfi. Farið verður í undirbúning launaviðtalsins

og kenndar mismunandi aðferðir í samningatækni sem nýtast í launaviðtalinu. Fyrirlesari er Gylfi Dalmann, dósent í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands.

Skráning er á www.vr.is, í þjónustuveri VR í síma 510 1700 eða með því að senda tölvupóst til vr@vr.is. Námskeiðið er haldið í húsakynnum VR í Kringlunni 7 og er ókeypis fyrir fullgilda félagsmenn VR.

GÓÐ NÁMSKEIÐ FYRIR TRÚNAÐARMENN

5. MARS KL. 9.00–12.00

Sjóðir og þjónusta VR

Leiðbeinendur: Starfsmenn þjónustudeildar VR.

Þjónusta VR er víðtæk og varðar alla félagsmenn VR. Á þessu námskeiði verður farið yfir þjónustuliði eins og VR varasjóð, Sjúkrasjóð, Orlofssjóð og Starfsmenntasjóð. STARF sem er þjónusta VR við atvinnuleitendur verður kynnt og farið yfir starfsemi starfsendurhæfingarsjóðsins VIRK. Allir trúnaðarmenn VR þurfa að hafa þekkingu á þessum þáttum og því er mikilvægt að sem flestir trúnaðarmenn nýti sér þetta námskeið.

19. MARS KL. 9.00–12.00

Kjaramálanámskeið VR

Leiðbeinendur: Starfsmenn kjarasviðs VR

VR leggur mikinn metnað í að trúnaðarmenn fái allar helstu upplýsingar er snúa að kjaramálum félagsmanna og er þetta námskeið einn liður í því. Farið verður yfir helstu atriði kjarasamninga VR, s.s. veikindarétt, uppsagnir, orlof, vinnutíma og áunnin réttindi. Hér gefst trúnaðarmönnum tækifæri til að ræða málin og fá svör við spurningum sínum. Námskeið sem trúnaðarmenn ættu ekki að láta framhjá sér fara.

8. OG 9. APRÍL KL. 9.00–15.30

Tveggja daga trúnaðarmannaskóli

Leiðbeinandi er Guðmundur Hilmarsson, verkefnastjóri hjá Félagsmálaskóla alþýðu.

Um er ræða mjög góð námskeið fyrir trúnaðarmenn sem við vonum að sem flestir nýti sér. Á fyrri deginum verður farið yfir stöðu, hlutverk og framtíð verkalyðshreyfingarinnar en einnig verður farið yfir starfshætti og skipulag verkalyðshreyfingarinnar. Á seinni deginum verður farið yfir lestur launaseðla og launaútreikningar. Nánari dagskrá er hægt að nálgast á heimasíðu VR. Námskeiðið verður haldið í fundarsal VR á 0-hæð.

Skráning er á www.vr.is, í þjónustuveri VR í síma 510 1700 eða með því að senda tölvupóst á vr@vr.is.

FRÁBÆRIR FYRIRLESTRAR – KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ!

VR býður félagsmönnum sínum upp á áhugaverða morgun- og hádegisfyrirlestra. Allir fyrirlestrar VR eru félagsmönnum að kostnaðarlausu. Félagsmenn úti á landi geta fylgst með á skrifstofum VR í sínum landshluta með fjarfundabúnaði. Léttar veitingar í boði.

4. MARS KL. 8.30–9.30

Fræðslustjóri að láni

Er virk fræðslu- eða símenntunaráætlun í þínu fyrirtæki? Hefur staðið til að endurskoða fræðslumálin en ekki gefist tóm til? Fræðslustjóri að láni býður fyrirtækjum að fá ráðgjafa í heimsókn sem er sérhæfður í því að skipuleggja fræðslu starfsmanna. Verkefnið er styrkt af Starfsmenntasjóði (SVS). Ráðgjafinn vinnur mjög náið með starfsmönnum og stjórnendum til þess að greina hver hin raunverulega þörf á fræðslu er í fyrirtækinu. **Guðríður H. Baldursdóttir** mannauðsstjóri Norvik og Byko fer yfir reynslu sína af þátttöku í verkefninu en bæði Norvik og Byko fengu nýverið fræðslustóra að láni. **Sólveig Lilja Snæbjörnsdóttir** starfsmaður SVS fer yfir umsóknarferlið og svarar spurningum.

13. MARS KL. 12.00–13.00

Mottumars

Jóhannes V. Reynisson frá Bláa naglanum kemur til okkar og segir frá verkefninu um Bláa naglann og deilir með okkur reynslusögum. Árlega greinast að meðaltali 737 karlmenn með krabbamein á Íslandi. Mikilvægt er að karlmenn séu meðvitaðir um helstu einkenni blöðruhálskrabbameins, hvernig á að bregðast við og hvar á að leita upplýsinga. Mættu á fyrirlesturinn og fáðu fræðslu!

10. APRÍL KL. 12.00–13.00

Áhrifarík úrræði gegn depurð og þunglyndi

Oddi Erlingsson sérfræðingur í klínískri sálfræði fer yfir hvar mörkin milli depurðar og þunglyndis liggja, en þau eru oft óljós. Við vissar aðstæður er depurð eðlilegt og heilbrigt viðbragð sem allir finna. Einnig verður fjallað um eðli og innihald hugrænnar atferlismeðferðar sem er eitt árangursríkasta meðferðarúrræði við þunglyndi. Góður fyrirlestur sem allir hafa hag af.

Skráning er á www.vr.is, í þjónustuveri VR í síma 510 1700 eða með því að senda tölvupóst á vr@vr.is.

NÝIR KJARASAMNINGAR VR 2014

Síðari hluta desembermánaðar 2013 skrifaði VR undir kjarasamninga við Samtök atvinnulífsins og Félag atvinnurekenda til eins árs, gildistími er frá 1. janúar til 31. desember 2014. Samningarnir voru lagðir fyrir félagsmenn í rafrænni atkvæðagreiðslu í janúar sl. og voru samþykktir.

- Á kjörskrá í kosningum um kjarasamning VR og Samtaka atvinnulífsins voru 24.622 en atkvæði greiddu 3.353 eða 13,6%. Já sögðu 1.853 eða 55,3%, nei sögðu 1.422 eða 42,4% en 78 eða 2,3% tóku ekki afstöðu eða skiluðu auðu.
- Á kjörskrá í kosningum um kjarasamning VR og Félags atvinnurekenda voru 930 en atkvæði greiddu 176 eða 18,9%. Já sögðu 104 eða 59,1%, nei sögðu 68 eða 38,6% en 4 eða 2,3% tóku ekki afstöðu eða skiluðu auðu.

Í samningunum var áhersla lögð á að semja um hækkun lægstu launa. Launahækkarnir samkvæmt samningunum tóku gildi þann 1. janúar 2014. Sjá nánar að neðan um helstu atriði samninganna.

SAMNINGAR SAMÞYKKTIR FYRIR MEIRIHLUTA FÉLAGSMANNA ASÍ

Kjarasamningar um fimmtíu félag og landssambanda innan Alþýðusambands Íslands voru lagðir fyrir félagsmenn í atkvæðagreiðslunni í janúar. Kosningaþátttaka var dræm, aðeins um 18%. Á kjörskrá voru rúmlega 75 þúsund félagsmenn aðildarfélaganna, rétt rúmlega helmingur er í félögum sem samþykktu samningana.

Meirihluti féлага í Landssambandi ísl. verzlunarmanna (LÍV) samþykkti samningana og taka þeir til um 95% félagsmanna aðildarféлага landsambandsins. VR er langstærsta aðildarfélag LÍV.

AÐFARASAMNINGAR

Nýju kjarasamningarnir eru svokallaðir aðfarasamningar, árssamningar sem ætlað er að brúa bilið yfir í kjarasamninga til lengri tíma. Þeir fela m.a. í sér viðræðuáætlun um gerð langtímasamninga sem hafa það að markmiði að stuðla að stöðugleika og varanlegri kaupmáttaraukningu. Komið hefur verið á samstarfsvettvangi aðila vinnumarkaðar og stjórnvalda þar sem unnið verður að því að ná þessu markmiði. Í aðfarasamningi ASÍ og SA segir m.a.:

„Forsenda þess að unnt verði að gera kjarasamninga til a.m.k. tveggja ára fyrir lok samningstímans er að mótuð hafi verið ný peningamálastefna sem stefna stjórnvalda í efnahags- og félagsmálum styður á hverjum tíma. Mikilvægt er að verðbólgu-markmið ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans, 2,5%, náist á árinu 2014. Hjöðnun verðbólgu krefst samstillingar ákvarðana á vinnumarkaði, í fjármálum ríkis og sveitarfélaga og í peningamálum. Ef takast á að halda verðbólgu í skefjum þurfa ríki, sveitarfélög og fyrirtækin í landinu að gæta ítrasta aðhalds þegar kemur að verðhækkunum.“

HELSTU ATRIÐI SAMNINGANNA

KAUPLIÐIR

● Launabreytingar - almennar

Almenn launahækkun frá 1. janúar 2014 er 2,8%, að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Þessi hækkun kom til útborgunar þann 1. febrúar hjá flestum félagsmönnum VR. Aðrir kjaratengdir liðir hækkðu um 2,8% frá sama tíma.

● Sérstök hækkun lægstu launataxta

Samið var um sérstaka hækkun launataxta undir kr. 230.000 á mánuði, kr. 1.750 á mánuði, þessir launataxtar hækka því um alls kr. 9.750 eða u.p.b. 5%. Kaupataxtar gilda frá 1. janúar 2014.

● Lágmarkstekjur

Samið var um hækkun lágmarkstekna fyrir fullt starf og eru þær kr. 214.000 frá 1. janúar 2014 fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfelt hjá sama fyrirtæki.

● Uppbætur

Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 er kr. 60.900. Orlofsuppbót (1. maí 2013 til 30. apríl 2014) miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 22.200.

● Starfsmenntamál

Framlög til fræðslu- og starfsmenntasjóða hækka um 0,1% þann 1. janúar 2015.

ÖNNUR ÁKVÆÐI

● Veikindi og slys í orlofi

Réttindi félagsmanna vegna veikinda og slysa erlendis eru samræmd þeim réttindum sem gilda um veikindi og slys innanlands.

● Skrifleg staðfesting ráðninga

Á samningstímanum verður unnið að kynningu á skyldum atvinnurekenda og réttindum launafólks til skriflegrar staðfestingar ráðninga.

● Réttur til skaðabóta vegna ráðningarsamninga

Nýtt ákvæði er í samningnum þar sem segir að brjóti atvinnurekandi gegn ákvæðum um ráðningarsamninga geti það varðað hann skaðabótum.

● Starfsmenntamál

Ráðist verður í úttekt á fyrirkomulagi starfsmenntamála m.a. með það að markmiði að auka vægi náms sem metið er til eininga eða viðurkenndrar færni á vinnumarkaði. Framlag til starfsmenntasjóða hækkar um 0,1% frá 1. janúar 2015.

● Gildistími

Kjarasamningur framlengist óbreyttur til 31. desember 2014, að frátöldum þeim breytingum sem greint er frá hér að ofan.

AÐKOMA STJÓRNVALDA

Í tengslum við gerð kjarasamninga boðuðu stjórnvöld breytingar á skattkerfinu og lýstu því yfir að gjaldskrárhækkanir í upphafi árs 2014 yrðu dregnar til baka að hluta til.

- **Skattkerfið**

Efri mörk í lægsta þrepi tekjuskatts hækka úr 256.000 kr. í 290.000 kr. Skatthlutfall í miðþrepi lækkar úr 25,8% í 25,3%.

- **Gjaldskrárhækkanir**

Stærstu sveitarfélög landsins tóku áskorun verkalýðshreyfingarinnar og hækkuðu ekki gjaldskrár sínar um áramót. Gjaldskrárhækkanir ríkisins verða ekki meiri en 2,5% á ári, ríkisstjórnin mun endurskoða breytingar á gjöldum sem þegar hafa verið samþykktar [vnr](#).

NEW COLLECTIVE AGREEMENT

In late December 2013 VR signed new collective agreements with SA (Confederation of Icelandic Employers) and FA (The Icelandic Federation of Trade). The agreements were put to a vote among VR members in January 2014. The agreement with SA was approved with 55.3% of votes. Just over 24 thousand members were eligible to vote, 13.6% voted. The agreement with FA was approved with 59.1% of votes. 930 were eligible to vote, 18.9% voted.

The main objective of the agreements is to increase purchasing power, raise the lower wages comparatively more than other wages, ensure low inflation and promote economic stability.

- **General wage increase**

On January 1st 2014, wages increased by 2.8%, but no less than IKR 8.000 per month for full daytime work. Other wage-related items increased by 2.8% over the same period.

- **New wage rates from 1 of January 2014**

New pay scales are valid from January 1st 2014. Pay-scales under IKR 230.000 per month increased additionally by ISK 1.750, or by a total of IKR 9.750.

- **Minimum full-time employment payments**

Minimum full-time employment is ISK 214.000 from 1st of January for workers aged 18 and older who have worked four consecutive months in the same company.

- **December and vacation bonuses**

The December bonus for full-time employment in 2014 is IKR 60.900. Vacation bonus for full-time employment in 2014 (1 May 2013 – 30 April 2014) is IKR 22.200.

- **Contributions to education and vocational training**

Contributions to education and vocational training funds will be increased by 0.1% as of 1st of January 2015.

- **Changes in income tax**

The government issued a statement relating to changes in income tax, the threshold between the first and second step increased from IKR 256.000 to IKR 290.000 kr. The tax rate in the second step was lowered from 25.8% to 25.3%.

- **Price control**

Most municipalities in the country have decided to keep a strict control of prices, charges and tariffs. The government has issued a statement where they follow the Central bank's 2.5% price increase a year and the government will also revise those changes in charges/tariffs specified in the state budget for 2014 [vnr](#).

Taktu þátt í könnun VR!

Könnun VR á fyrirtæki ársins og launum er hafin.

Hún veitir þér upplýsingar um laun og vinnutíma félagsmanna VR, starfsaðstæður og líðan. Þar sérð þú hvað aðrir eru að fá í laun sem eru í svipuðum störfum og þú.

Könnunin hefur verið send til þín í tölvupósti.

Ef þú hefur ekki fengið hana hafðu samband við þjónustuver VR í síma 510 1700 eða á vr@vr.is

Þú hefur möguleika á glæsilegum vinningi

Allir sem svara könnuninni geta dottið í lukkupottinn og unnið gjafabréf frá Icelandair, iPad eða miða á Airwaves 2014.

Þín þátttaka er mikilvæg!

Virðing
Réttlæti

VR



GYLFI DALMANN AÐALSTEINSSON – dósent við viðskiptafræðideild HÍ

ÞÁTTTAKA Í ATKVÆÐAGREIÐSLUM KJARASAMNINGA

Kjarasamningar skipta mjög miklu máli fyrir lífsafkomu launþega. Í kjarasamningum er verið að taka ákvörðun um laun fyrir dag- og yfirvinnu auk ýmissa ákvæða um álagsgreiðslur, vinnutíma, veikinda- og orlofsrétt, uppsagnarfrest, fræðslu- og starfsmenntamál og greiðslur í ýmsa sjóði svo sem lífeyrissjóði og sjóði stéttarfélaganna. Því vekur það athygli hversu lítill hópur félagsmanna tekur þátt í atkvæðagreiðslu um kjarasamninga eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Það er ekki hægt að segja að almennt áhugaleysi ríki hér á landi gagnvart kosningum, kosningaþátttaka til Alþingis- og sveitarstjórnarkosninga er mjög mikil eða á bilinu 77%-84%.

Almennt hefur þátttaka í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga VR verið lítil og meðalþátttakan í síðustu fjórum kjarasamningum er um 13,3% og þeir sem samþykkja kjarasamninga VR eru um 9% af félagsmönnum VR. Þessi litla þátttaka er ekki einungis bundin við VR og svipaða sögu má segja um önnur stéttarfélög á almennum vinnumarkaði. Þátttaka félagsmanna Flóabandalagsins svokallaða, þ.e. stéttarfélagin Efling, Hlíf og Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur, er lítið eitt meiri eins og meðfylgjandi tafla sýnir.

Lítill þátttaka félagsmanna í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga er ekki ný af nálinni. Eitt af markmiðum með breytingum á vinnulöggjöf- inni árið 1996 var að auðvelda félagsmönnum að greiða atkvæði um kjarasamninga, t.d. með því að leyfa leynilega póstatkvæðagreiðslu meðal félagsmanna um gerðan kjarasamning, og gildi niðurstaðan óháð þátttöku. Þessi breyting átti m.a. að hvetja til meiri þátttöku í kosningum um kjarasamninga. Fyrir þessar breytingar voru kjarasamningar oftast ekki samþykktir á fámennum félagsfundum stéttarfélaganna, t.d. samþykktu rúmlega 1.200 manns miðlunartillögu ríkissáttasemjara vegna kjarasamninga VR í maí 1992 en á kjörskrá voru 11.500 félagsmenn og þátttakan því um 10%.

Almennt hefur þátttaka í atkvæðagreiðslum stéttarfélaganna verið dræm eins og dæmin sýna. Erfitt getur verið að draga ályktanir um dræma þátttöku en undanfarna áratugi hefur ríkt ákveðinn doði félagsmanna þegar kemur að

VR									
Ár	Á kjörskrá	Þátttaka	%	Já	%	Nei	%	Auð og ógild	%
2004	24,731	2,720	11.0%	1,389	72.0%	527	28.0%	7	0,4%
2008	25,420	3,387	13.0%	1,838	72,3%	643	25,3%	60	2,4%
2011	28,018	4,338	15.0%	3,790	87,4%	488	11,3%	60	1,4%
2014	24,622	3,353	14.0%	1,852	56.0%	1,422	42.0%	78	2.0%
Meðal	25,698	3,450	13.3%	2,217	64.0%	770	35.0%	51	2.0%


FLÓABANDALAGIÐ									
Ár	Á kjörskrá	Þátttaka	%	Já	%	Nei	%	Auð og ógild	%
2004	11,989	2,277	19.0%	1,496	64.0%	812	25,5%	10	0,4%
2008	18,374	3,239	18.0%	2,287	83.0%	451	16.0%	25	1.0%
2011	15,639	3,034	19.0%	2,693	85,8%	423	13,9%	8	0,3%
2014	20,500	3,075	15.0%	1,432	47.0%	1,633	53.0%	10	3.0%
Meðal	16,626	2,906	17.8%	1,977	64.7%	830	34.5%	13	2.0%

málefnum stéttarfélaganna. Þátttaka félagsmanna VR í formanskjöri hefur ekki verið mikil, árið 2009 var hún 24%, 2011 var þátttakan um 17% og tæp 22% árið 2013. Ekki er hægt að kenna erfiðu aðgengi að kjörstað um, þar sem hægt er að kjósa í rafrænni kosningu. Hugsanleg skýring á dræmri þátttöku í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga getur verið sú að tiltölulega lítill hópur félagsmanna VR fær greidd laun samkvæmt kjarasamningi, eða 4% sem þýðir að 96% eru að fá greidd svokölluð markaðslaun. En samkvæmt kjarasamningi VR eiga félagsmenn rétt á viðtali árlega við vinnuveitenda sinn til að

ræða starfskjör sín. Þannig ber starfsmaður að hluta til ábyrgð á því sjálfur að sækja kjarabætur. Samkvæmt launakönnun VR fór mikill meirihluti svarenda í launaviðtal á síðasta ári, eða 66%. Þeir sem fóru í viðtalið voru með 7,6% hærri laun en þeir sem ekki fóru í viðtali. Í ljósi þessa kann það að vera að þessir félagsmenn sjái ekki hag sinn í því að greiða atkvæði um kjarasamninga því ákvæðið um persónubundin laun gerir það að verkum að að hluta til er verið að ákveða launasetningu í launaviðtalinu. Önnur ástæða gæti legið í grunnskipulagi VR, sem er fjölmennt og fjölbreytt félag, og það getur e.t.v. gert það að verkum að erfitt er að virkja félagsmenn til þátttöku. Til dæmis eru trúnaðarmenn ekki til staðar í öllum fyrirtækjum en þeir geta gegnt lykilhlutverki við að hvetja og virkja félagsmenn til þátttöku.

Hjá stéttarfélagum sem byggð eru upp af mjög einsleitum hópum er þátttaka í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga alla jafnamun meiri t.d. hefur þátttaka framhaldskólakennara í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga verið á bilinu 42%-87%, meðal grunnskólakennara 78%-92% og meðal hjúkrunarfræðinga 45%-67%. Þrátt fyrir dræma þátttöku í atkvæðagreiðslum um kjarasamninga finnst félagsmönnum VR kjarasamningar skipta mjög miklu máli. Í viðhorfskönnun sem VR gerði meðal félagsmanna sinna árið 2008 sögðu um 90% aðspurðra kjarasamninga gegna mikilvægu hlutverki og einungis 3% töldu hlutverk þeirra vera léttvægt.

Meðalþátttakan í síðustu fjórum kjarasamningum er um 13,3% og þeir sem samþykkja kjarasamninga VR eru um 9% af félagsmönnum VR.



NÝ HÚS Í MIÐHÚSASKÓGI

Hafin er bygging á fimm smáhúsum í Miðhúsaskógi fyrir sumarið.

Húsin verða góð viðbót við þau tuttugu sumarhús sem eru leigð út til félagsmanna. Smáhúsin verða tekin í notkun í sumar, ekki liggur fyrir hvenær það verður en það verður auglýst nánar á www.vr.is. Þetta eru lítil hús, 37 fm, eitt svefnherbergi með hjónarúmi, stofa og eldhúsi eru í opnu rými með útdraganlegum sófa. Húsin eru hentug fyrir hjón eða litlar fjölskyldur.

BÓKUNARREGLUR

Bókunarreglur orlofshúsa hjá VR breyttust um áramótin – „fyrstur bókar, fyrstur fær.“

Opnað verður fyrir bókanir fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði kl. 10:00 og verður þá hægt að bóka fjóra mánuði fram í tímann. Opnað verður fyrir mánuði í einu, rúllandi kerfi, þannig að leigutímabilið endar allaf á föstudegi.

OPNANIR VERÐA EFTIRFARANDI:

5. mars 2014 – Opnað fyrir 30. maí til 27. júní
2. apríl 2014 – Opnað fyrir 27. júní til 1. ágúst
7. maí 2014 – Opnað fyrir 1. ágúst til 29. ágúst
4. júní 2014 – Opnað fyrir 29. ágúst til 3. október
2. júlí 2014 – Opnað fyrir 3. október til 31. október
6. ágúst 2014 – Opnað fyrir 31. október til 28. nóvember
3. september 2014 – Opnað fyrir 28. nóvember til 2. janúar 2015
1. október 2014 – Opnað fyrir 2. janúar til 20. janúar 2015
5. nóvember 2014 – Opnað fyrir 30. janúar til 27. febrúar 2015
3. desember 2014 – Opnað fyrir 27. febrúar til 27. mars 2015

Klippað út og geymið

NÝJAR REGLUR UM AFBÓKANIR OG ENDURGREIÐSLU VEGNA ORLOFSHÚSA.

Ef orlofshúsinu er skilað áður en 14 dagar eru í upphaf leigutöku fást 85% leigugjaldsins endurgreidd.

Ef orlofshúsinu er skilað áður en 7 dagar eru í upphaf leigutöku fást 50% leigugjaldsins endurgreidd.

Ef orlofshúsinu er skilað áður en 3 dagar eru í upphaf leigutöku fást 20% leigugjaldsins endurgreidd.

Ef orlofshúsinu er skilað þegar minna en 72 klst. eru í upphaf leigutöku þarf að greiða fulla leigu fyrir húsið.



FÁÐU AFSLÁTT Í FERÐINA ÞÍNA!

Ertu að fara til útlanda í sumar? Hjá VR færðu orlofsmiða frá Icelandair og WOW á betra verði. Fullgildir félagsmenn VR fá afslátt í flug og pakkaferðir hjá Icelandair og WOW air. Afslátturinn er í formi orlofsmiða sem hægt er að kaupa á netinu eða nálgast á skrifstofum VR. Hver félagsmaður getur keypt tvo orlofsmiða á ári.

Orlofsmiði Icelandair kostar 23.000 kr. og jafngildir 30.000 kr. greiðslu upp í öll flug Icelandair. Engar takmarkanir eru á ferðatíma eða lengd dvalar umfram reglu fargjalds hverju sinni. Gjafabréfið gildir í tvö ár frá útgáfudegi bréfsins.

Orlofsmiði WOW Air kostar 17.000 kr. og jafngildir 25.000 kr. greiðslu upp í flug WOW air. Gildistími hvers bréfs er eitt ár frá útgáfu, ferðatímabilið er þremur mánuðum lengri en gildistími.

Ekki er hægt að skila miðum eftir að þeir hafa verið keyptir. Félagsmönnum er bent á að kynna sér vel skilmála flugfélaganna áður en miðar eru keyptir.



Opnað verður fyrir
bókanir miðvikudaginn
5. mars
fyrir allt tímabilið.



DANMÖRK

VR hefur tekið á leigu tvö orlofshús í Hald Strand á Norður-Sjálandi í sumar.

Hægt verður að leigja húsin eina viku í senn, frá föstudegi til föstudags, frá 4. apríl – 31. október 2014. Í húsunum eru tvö svefnherbergi og gert ráð fyrir að fjórir geti gist ásamt barni undir 2ja ára. Húsin eru búin furuhúsgögnum, sjónvarpi, nettengingu, litlum ísskáp með frystihólf, eldhúskrók, kolagrill og útihúsgögnum. Sjónvarp og borðtennisborð er í sameiginlegu húsi við hliðina á húsinu.

NÁGRENNIÐ

Sumarhúsasvæðið liggur á milli Liseleje og Kikhavn, rétt við bæinn Hundested, sem er á norðanverðu Sjálandi og í um klukkustundarakstri frá Kaupmannahöfn. Á svæðinu er gott útivistarsvæði með leikaðstöðu fyrir börn. Á svæðinu er hægt að fá lánuð reiðhjól og hægt að fá afnot af kanó sem geymdur er í fjörunni fyrir neðan húsið.

TÍMABIL

4/4 til 31/10

Vikuleiga 45.000

Leigt frá föstudegi til föstudags

Fjöldi húsa	2
Stærð í fm	46
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	4
Sængur og koddar	4



STYKKISHÓLMUR

Orlofsíbúðirnar í Stykkishólmi eru að Laufásvegi 35, 37 og 41.

VR leigir þrjár íbúðir í Stykkishólmi í sumar. Íbúðirnar eru á tveimur hæðum með hringstiga á milli hæða. Gengið er inn frá bílastæði á efri hæð, þar er stofa, borðstofa, eldhús og lítið herbergi. Á svölunum er heitur pottur og verandarhúsgögn. Á neðri hæð eru tvö svefnherbergi og bað með sturtu. Íbúðirnar eru leigðar til félagsmanna allt árið, um helgar og á virkum dögum. Á sumrin er komutími frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi húsið fyrir kl. 12 að hádegi á brottfarardegi, en kl. 19 á sunnudögum. Í húsunum er svefnaðstaða fyrir 6 manns.

NÁGRENNIÐ

Glæsileg sundlaugaraðstaða er í Stykkishólmi sem og 9 holu golfvöllur. Ferjan Baldur siglir yfir Breiðafjörð milli Stykkishólms og Brjánslækjar með viðkomu í Flatey. Daglega er farið í skoðunarferðir um Breiðafjarðareyjarnar þar sem hægt er að skoða frábært fuglalíf og náttúru.

SUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Vika 32.700

HÁSUMAR

27/6 til 8/8

Vika 38.400

Fjöldi íbúða	3
Stærð í fm	46
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6



Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.



ILLUGASTAÐIR

VR hefur tekið hús nr. 12 á leigu í sumar.

Eingöngu verður um vikuleigur að ræða, frá föstudegi til föstudags. Komutími er frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi húsið fyrir kl. 12 á brottfarardegi. Lyklar eru afhentir hjá umsjónarmanni staðarins frá kl. 17-21 á föstudögum. Ef komið er utan þess tíma þarf að láta vita fyrir kl. 21 á komudegi í síma 462 6199. Athugið að umsjónarmenn eru ekki við um helgar. Hægt er að panta barnarúm og barnastól. Svefnrymi er fyrir sex manns, auk svefnsófa í stofu. Pallur er við húsið með heitum potti og gasgrilli. Reykingar eru bannaðar í húsinu og gæludýr bönnuð á svæðinu. Á svæðinu er sundlaug með heitum pottum, minigolf, barnaleikvöllur og lítill verslun.

Góður fjölskyldustaður. Mikið við að vera og óteljandi möguleikar í dagsferðum, gönguferðum og annarri afþreyingu.

SUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Vika 32.700

HÁSUMAR

27/6 til 8/8

Vika 38.400

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	48
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	8



BLÖNDUÓS

VR hefur tekið á leigu tvö orlofshús með heitum potti og eru gæludýr velkomin.

Komu- og brottfarartími er inn kl. 17 og út kl. 12 á brottfarardegi. Dýrahald er leyft í þessum húsum. Húsin eru staðsett í jaðrinum á tjaldstæðinu með fallegt útsýni yfir ána. Þau eru með afgirtri verönd og þar er heitur pottur. Lykillinn er í lykklaskáp sem er við innganginn í húsið. Umsjónarmaður er á svæðinu og hægt að ná í hann í síma 820 1300 ef eitthvað kemur upp á.

NÁGRENNIÐ

Góð þjónusta er við ferðamenn og ágætir möguleikar í afþreyingu á Blönduósi og nágrenni. Um Blönduós rennur ein af bestu veiðiám landsins og eru aðrar fengsælan veiðiár í næsta nágrenni. Á Blönduósi er rekið hótél, gistiheimili, gott tjaldsvæði, sumarhúsagisting, hestaleiga, sela- og fuglaskoðunarferðir ásamt allri almennri verslun og þjónustu. Þar er Heimilisíðnaðarsafn sem er hið eina sinnar tegundar á landinu.

SUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Vika 25.700

HÁSUMAR

27/6 til 8/8

Vika 29.000

Fjöldi húsa	2
Stærð í fm	55
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	4-6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	6



Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR www.vr.is



ÖLFUSBORGIR

Í sumar er boðið upp á vikuleigu en á veturna er húsið leigt út af rekstrarfélaginu á staðnum.

VR á eitt hús í Ölfusborgum. Heitur reitur er í byggðinni fyrir þá sem vilja nýta sér Internetið. Þá er barnarúm og barnastóll í húsinu. Húsið er til leigu frá kl. 16 á komudegi og til kl. 12 á brottfarardegi. Umsjónarmaður er á staðnum ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum. Opnunartími þjónustuhúss er mánudaga til fimmtudaga kl. 12.30-16. Lokað er á miðvikudögum. Á föstudögum er opið milli kl. 15 og 20.30. Ef komið er utan þess tíma er bent á að hafa samband við umsjónarmann á staðnum.

NÁGRENNIÐ

Umhverfis Hveragerði er ósnortin náttúra, góðar gönguleiðir og sannkölluð paradís fyrir útivistarfólk. Við Ölfusborgir er sparkvöllur, rólur og rennibrautir fyrir börn. Í Hveragerði er sundlaug með vatnsrennibraut, blómaverslanir og gróðurhús. Stutt er í hestaleigu og veiði.

SUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Vika 36.900

HÁSUMAR

27/6 til 8/8

Vika 43.200

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	45
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6



VESTMANNAEYJAR

VR á eitt orlofshús við Ofanleiti í Vestmannaeyjum.

Húsið er með tveimur svefnherbergjum auk svefnlofts. Í báðum svefnherbergjunum eru hjónarúm. Á svefnlofti eru fjórar dýnur og útdraganlegur svefnsofi. Í boði er þríf og leiga á sængurlíni gegn vægu gjaldi eftir nánara samkomulagi við umsjónarmenn. Á sumrin er komutími frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi húsið fyrir kl. 12 á brottfarardegi, en kl. 19 á sunnudögum. Á veturna er komutíminn frá og með kl. 14 á komudegi en hús yfirgefið eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi, nema á sunnudögum, en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 19. Umsjónarmaður er á staðnum ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum.

NÁGRENNIÐ

Vestmannaeyjar hafa upp á margt að bjóða; skemmtileg söfn, hægt er að fara á hestbak, fara í Sprönguna og í Herjólfssdal er góður golfvöllur og leiktæki fyrir börn. Sundlaug og íþróttamiðstöð eru á staðnum.

VETUR

1/1 til 30/5 og 30/8 til 31/12

Sólarhringur 2.800

Helgi 16.500

SUMAR / HÁSUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Sólarhringur 2.900

Helgi 18.200

27/6 til 8/8

Sólarhringur 3.500

Helgi 20.900

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	66
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Já
Svefnpláss	8-10
Sængur og koddar	10
Borðbúnaður	10



Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.



SIGLUFJÖRÐUR

VR býður upp á íbúð á Siglufirði í sumar.

VR hefur tekið á leigu íbúð á Siglufirði fyrir félagsmenn, húsið heitir Landmarkshús og er við Hafnargötu 10, staðsett rétt fyrir ofan Síldarminjasafnið. Íbúðin er 90fm og er á miðhæð í fallegu gömlu timburhúsi. Eitt svefnherbergi er í húsinu með hjónarúmi, í stofu er útdraganlegur sófi fyrir tvo og svo eru tvö gestarúm. Boðið er upp á vikuleigu frá föstudegi til föstudags. Skiptidagar eru föstudagar inn kl. 17 og skila þarf íbúðinni fyrir kl. 12. Vinsamlega takið tillit til annarra sem eru í húsinu. Bannað er að raska svefnfriði í húsinu a.m.k. frá miðnætti til kl. 7 að morgni. Umsjónarmaður er Tormod Emebretsen og hægt er að ná í hann í síma 8602594. Vinsamlega hringið áður en komið er varðandi lykla.

HRÍSEY

VR hefur tekið á leigu orlofshús í perlu Eyjafjarðar í sumar.

Húsið stendur við Sólvallagötu 8 og er 108 fm timburhús, svokallað Siglufjarðarhús, byggt árið 1975 og stendur efst á eyjunni. Í húsinu er eitt hjónaherbergi og tvö minni herbergi. Stofa, eldhús og baðherbergi með baðkeri og sturtu. Þvottavél er í þvottahúsi. Pallur með gasgrilli er við húsið og er fallegt útsýni yfir Eyjafjörðinn. Húsið er látaust og tilvalið fyrir þá sem vilja njóta náttúrunnar og skoða sig um í eyjunni. Boðið er upp á vikuleigu frá föstudegi til föstudags. Húsið er leigt frá k. 17 á skiptidegi og þarf að skila fyrir kl. 12 á brottfarardegi. Svefnpláss er fyrir sex manns og er búnaður miðaður við það. Lyklar að húsinu eru afhentir í ferjunni.

NÁGRENNIÐ

Eyjan er þekkt fyrir góðar gönguleiðir og mikið fuglalíf. Á svæðinu er Hákarlasafn, sundlaug, ylströnd, hægt að fara í veiðiferðir á bryggjuna og í vitaferðir. Ferja fer í eyjuna á klukkutímastigi á sumrin.

SUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Vika 25.700

HÁSUMAR

27/6 til 8/8

Vika 29.000

Fjöldi íbúða	1
Stærð í fm	60
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	1
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	4-6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	6



SUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Vika 25.700

HÁSUMAR

27/6 til 8/8

Vika 29.000

Fjöldi hús	1
Stærð í fm	108
Heitur pottur	Nei
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6-8
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8



Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR www.vr.is



FLÚÐIR

Orlofshúsin að Flúðum eru í Ásabyggð nr. 29, 30 og 30A. Húsin eru nýlega endurnýjuð.

Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið. Á sumrin er komutími frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi húsið fyrir kl. 12 á brottfarardegi, þó kl. 19 á sunnudögum. Á veturna er komutíminn frá og með kl. 14 en hús yfirgefið eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi, nema á sunnudögum en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 19. Umsjónarmaður er á staðnum ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum.

NÁGRENNIÐ

Á Flúðum er í boði ýmis þjónusta eins og verslanir, veitingasala, golfvöllur og sundlaug með heitum potti og náttúrulegu gufubaði. Á flöt fyrir neðan hús VR eru leiktæki og sparkvöllur fyrir börn. Stutt er að Gullfossi og Geysi. Gönguleiðir eru margar í nágrenni Flúða, til dæmis á Miðfell og Högnastaðaás. Upplýsingar um nágrennið má fá hjá ferðaþjónustunni sem er til húsa í versluninni Strax á Flúðum.

MIÐHÚSASKÓGUR

Í Miðhúsaskógi á félagið alls tuttugu hús sem leigð eru til félagsmanna allt árið.

Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið. Á sumrin er komutími frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi húsið fyrir kl. 12 á brottfarardegi. Á veturna er komutíminn frá og með kl. 14 á komudegi en hús yfirgefið eigi síðar en kl. 19 á brottfarardegi, nema á föstudögum, en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 12. Umsjónarmaður er á staðnum á sumrin og í kringum helgarleigur yfir vetrartímann ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum. Sandkassi er við hvert hús og fjórir leikvellar með rólum, rennibraut og vegasalti. Sparkvöllur, körfuboltavellir og minigolf eru á svæðinu. Búið er að setja upp ný tæki á svæðinu, stórt upplásið trampólín er á staðnum, aparóla og frísbíggj.

NÁGRENNIÐ

Sundlaugar eru við Úthlíð, á Reykjum og á Laugarvatni. Í Miðhúsaskógi eru margar fallegar gönguleiðir.

VETUR

1/1 til 30/5 og 30/8 til 31/12

Sólarhringur 3.400

Helgi 16.900

SUMAR / HÁSUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Sólarhringur 3.600

Helgi 18.900

27/6 til 8/8

Sólarhringur 4.400

Helgi 21.200

Nr. 29&30 Nr. 30A

Fjöldi húsa	2	1
Stærð í fm	54	54
Heitur pottur	Já	Já
Svefnherbergi	2	3
Svefnloft	Nei	Nei
Svefnpláss	6	6
Sængur og koddar	8	8
Borðbúnaður	8	8



VETUR

1/1 til 30/5 og 30/8 til 31/12

Sólarhringur 2.800

Helgi 16.500

SUMAR / HÁSUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Sólarhringur 2.900

Helgi 18.200

27/6 til 8/8

Sólarhringur 3.500

Helgi 20.900

Fjöldi húsa	20
Stærð í fm	56
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	7
Sængur og koddar	8
Borðbúnaður	8



Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.



HÚSAFELL

VR á þrjú hús í Húsafelli í fögru umhverfi Borgarfjarðar.

Húsin eru leigð til félagsmanna allt árið, um helgar og virka daga. Á sumrin er komutími frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi húsið fyrir kl. 12 á brottfarardegi, en kl. 19 á sunnudögum. Á veturna er komutíminn frá og með kl. 14 en hús yfirgefið eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi, nema á sunnudögum, en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 19. Umsjónarmaður er á staðnum ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum.

NÁGRENNIÐ

Skammt frá húsi Ferðabjónustunnar er fótboltavöllur og leiktæki eru á tjaldstæðinu. Golfvöllur og minigolf er skammt frá sundlauginni. Langjökull hf. rekur snjósleðaleigu á sumrin og býður upp á ferðir á Langjökul. Það er ekki langt að fara í hellana Víðgelmi og Surtshelli og Hraunfossar og Barnafossar eru sannkölлуð augnauyndi.

VETUR

1/1 til 30/5 og 30/8 til 31/12

Sólarhringur 2.800

Helgi 16.500

SUMAR / HÁSUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Sólarhringur 2.900

Helgi 18.200

27/6 til 8/8

Sólarhringur 3.500

Helgi 20.900

Fjöldi húsa

3

Stærð í fm

60

Heitur pottur

Já

Svefnherbergi

3

Svefnloft

Nei

Svefnpláss

8

Sængur og koddar

8

Borðbúnaður

8



EINARSSTAÐIR

Húsin á Einarsstöðum eru nýlega endurnýjuð að hluta og eru nú öll með heitum potti.

VR á þrjú hús að Einarsstöðum og fær mögulega fleiri hús til leigu í sumar. Húsin eru leigð til félagsmanna í viku eða skammtímaleigu á sumrin. Rekstrarfélagið á staðnum sér um húsin á veturna og er þá pantað hjá því. Orlofshús eru afhent til leigu frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi orlofshús fyrir kl. 12 á brottfarardegi, nema á sunnudögum, en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 19.

NÁGRENNIÐ

Einarsstaðir eru 11 km frá Egilsstöðum. Rólar, sandkassi og rennibrautir eru á þremur stöðum á svæðinu. Á Einarsstöðum er mikil náttúruvegur og merktar gönguleiðir eru um svæðið. Sundlaugar eru á Hallormsstað og á Egilsstöðum þar sem eru veitingahús, hestaleiga, golfvöllur og vatnasleðaleiga. Stutt er í Hallormsstaðaskóg og að Lagarfjóti. Eins eru Kárahnjúkar í næsta nágrenni.

VETUR

1/1 til 30/5 og 30/8 til 31/12

Sólarhringur 2.800

Helgi 16.500

SUMAR / HÁSUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Sólarhringur 2.900

Helgi 18.200

27/6 til 8/8

Sólarhringur 3.500

Helgi 20.900

Nr. 3&18

Nr. 6

Fjöldi húsa

2

1

Stærð í fm

45

45

Heitur pottur

Já

Já

Svefnherbergi

2

3

Svefnloft

Nei

Nei

Svefnpláss

6

6

Sængur og koddar

8

8


Borðbúnaður

8

8



Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR www.vr.is



REYKJAVÍK

Orlofsíbúðir VR í Reykjavík eru við Sóltún 30 og eru vel staðsettar miðsvæðis í borginni.

Íbúðirnar eru á jarðhæð og með sér inngangi. Stærri íbúðin er með þremur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi og baði. Minni íbúðin er ætluð félagsmönnum búsettum á landsbyggðinni. Íbúðin er með einu svefnherbergi, stofu, eldhúsi og baði. Úr báðum íbúðunum er gengið beint út á rúmgóðan tréþall úr stofu. Búnaður íbúðanna er mjög svipaður, þar er þvottavél, upppvottavél, barnarúm, barnastóll, straubretti og straujárn. Íbúðirnar eru leigðar út allt árið, um helgar og á virkum dögum. Íbúðirnar eru afhentar til leigu kl. 12 og ætlast er til að menn yfirgefi íbúðirnar fyrir kl. 11 á brottfarardegi. Á sunnudögum er þó fyrirkomulagið eftirfarandi: Íbúðin er afhent til leigu kl. 17 og ætlast er til að menn fari úr íbúðinni fyrir kl. 16 á brottfarardegi. Umsjón með íbúðinni er í höndum umsjon.is. Hægt er að kaupa þríf há umsjónaraðila. Þanta þarf með sólarhrings fyrirvara og er kostnaður kr. 5.000. Einnig er hægt að leigja lín, en þá er haft beint samband við umsjónaraðila.

AKUREYRI

Orlofsíbúðir VR eru að Furulundi 10, merktar A, B, C, G, K og S. Einnig er ein íbúð við Furulund 8B.

Íbúðirnar eru leigðar út allt árið um helgar og á virkum dögum. Á sumrin er komutími frá og með kl. 17 og ætlast er til að menn yfirgefi orlofshúsið fyrir kl. 12 á brottfarardegi, en kl. 19 á sunnudögum. Á veturna er komutíminn frá og með kl. 14 á komudegi en hús yfirgefið eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi, nema á sunnudögum, en þá er ætlast til þess að orlofshús sé yfirgefið fyrir kl. 19.

NÁGRENNIÐ

Á Akureyri er margt að skoða. Má þar nefna hús skáldanna: Nonnahús, Sigurhæðir og Davíðshús. Lystigarðurinn við hliðina á Menntaskólanum er fallegur viðkomustaður á gönguferð um bæinn og í Kjarnaskógi rétt innan við bæinn er stórt útivistarsvæði með leiktækjum og útgirlli fyrir almenning. Þá er auðvitað hægt að skella sér í sund og á skíði þegar viðrar þannig. Upplýsingamiðstöð ferðamanna á Akureyri er í Hafnarstræti 82.

VETUR

1/1 til 30/5 og 30/8 til 31/12

Sólarhringur 3.300

Helgi 13.000

SUMAR / HÁSUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Sólarhringur 3.300

Helgi 16.000

27/6 til 8/8

Sólarhringur 4.200

Helgi 16.000



0106 0107

Fjöldi íbúða	1	1
Stærð í fm	90	64
Heitur pottur	Nei	Nei
Svefnherbergi	3	1
Svefnpláss	6	4
Sængur & koddar	5	4
Verönd & húsgögn	Já	Já
Gasgrill & þvottavél	Já	Já

VETUR – Furulundur 10

1/1 til 30/5 og 30/8 til 31/12

Sólarhringur 3.300

Helgi 13.000

SUMAR / HÁSUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Sólarhringur 3.300

Helgi 16.000

27/6 til 8/8

Sólarhringur 4.200

Helgi 16.000

VETUR– Furulundur 8

1/1 til 30/5 og 30/8 til 31/12

Sólarhringur 2.500

Helgi 12.500

SUMAR / HÁSUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Sólarhringur 2.700

Helgi 14.900

27/6 til 8/8

Sólarhringur 3.100

Helgi 15.500



Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.



HÓTELGISTING

Félagsmönnum VR utan höfuðborgarsvæðisins býðst nú gisting á Hótel Reykjavík Natura.

Hér er einkum um að ræða úrræði fyrir þá sem þurfa að koma til Reykjavíkur og leita sér lækninga, fara í rannsóknir o.þ.h. Þetta er nýjung þar sem gestir fá fulla þjónustu og hefur hún mælst vel fyrir hjá þeim sem þegar hafa nýtt sér þessa þjónustu. Herbergi er pantað hjá VR. Lykill er afhentur í afgreiðslu Icelandair Hótel Reykjavík Natura gegn framvísun samnings frá VR. Skila þarf herberginu kl. 12 á hádegi á brottfarardegi. Gisting er fyrir tvo. Morgunmatur fæst með afslætti sé hann pantaður kvöldinu áður og er greitt sérstaklega fyrir hann í afgreiðslu hótelsins.

NÁGRENNIÐ

Nafn hótelsins er innblásið af náttúruvegurð umhverfisins. Þar er að finna frábærar göngu- og hjólaleiðir, Ylströndin í Nauthólsvík er ekki langt frá og aðeins er um 20 mínútna gangur inn í miðbæ Reykjavíkur frá hótelinu.

DÝRAFJÖRÐUR

VR býður upp á orlofsíbúð í gistihúsinu á Leiti í landi Alviðru í Dýrafirði.

Gistihúsið Alviðra var áður skólastjórabústaður, byggt 1960. Íbúðin er á efri hæð hússins. Í íbúðinni eru 3 svefnherbergi, rúmstæði fyrir sex manns, þar af tvö með tvíbreiðu rúmi og eitt herbergi með koju. Auka dýnur, barnarúm og barnastóll fylgja sem og kolagrill. Um vikuleigu er að ræða frá föstudegi til föstudags, inn kl. 17 og út kl. 12. Lyklar eru í lykklaskáp.

NÁGRENNIÐ

Í Dýrafirði er einstök náttúruvegurð. Gistihúsið er staðsett 8 km frá vegamótum við Gemlufjallsheiði og 26 km frá Þingeyri. Á Þingeyri er verslun og bensinstöð, kaffihús, golfvöllur, íþróttahús, sundlaug og hestaleiga. Stutt er þaðan yfir á Hrafnseyri í Arnarfirði og í Dynjandisvoginn til að líta á mesta foss Vestfjarða, Fjallfoss sem einnig er nefndur Dynjandi. Til Ísafjarðar eru 38 km og er þar ýmis afþreying og þjónusta.

VETUR

1/1 til 30/5 og 30/8 til 31/12

Sólarhringur 6.000

SUMAR

30/5 til 29/8

Sólarhringur 7.900

Frí bílastæði

Kvöldsögur og kakó á hverjum fimmtudegi kl. 21

Fuglasafn

Bíósalur

Bókasafn við arineld á jarðhæð

SUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Vika 25.700

HÁSUMAR

27/6 til 8/8

Vika 29.000

Fjöldi íbúða

1

Stærð í fm

90

Heitur pottur

Nei

Svefnherbergi

3

Svefnloft

Nei

Svefnpláss

6

Sængur og koddar

6

Borðbúnaður

6



Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu VR www.vr.is



ÓLAFSJÖRÐUR

Huggulegt hús með heitum potti.

Orlofshúsið er staðsett við Þverá sem liggur rétt fyrir utan byggðakjarnann. Húsin eru fallega staðsett með útsýni yfir dalinn. Eingöngu er um vikuleigur að ræða í sumar, frá föstudegi til föstudags, komutími er frá kl. 17 og ætlast er til að hús sé yfirgefið eigi síðar en kl. 12 á brottfarardegi Umsjónarmaður er á staðnum ef þörf er á aðstoð eða frekari upplýsingum.

NÁGRENNIÐ

Golfvöllur og sundlaug eru í Ólafsfirði, bleikjuveiði í Ólafsfjarðará og gott svæði fyrir fjórhjólááhugamenn. Hægt er að fá leigðan bát til veiða í firðinum. Margar merktar gönguleiðir eru á eða við svæðið. Má þar m.a. nefna Tröllaskaga, Héðinsfjörð, gönguleið um Ólafsfjarðarskarð inn til Fljóta og ýmsar leiðir yfir í Svarfaðardal. Fjöldi uppakoma er bæði á Dalvík og Siglufirði og má þar nefna Fiskidaginn mikla á Dalvík og Síldarævintýrið á Siglufirði.

SUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Vika 32.700

HÁSUMAR

27/6 til 8/8

Vika 38.400

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	98
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	2
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	6



HRAUNBORGIR

VR hefur tekið á leigu nýlegt orlofshús í Hraunborgum í Grímsnesi í sumar.

Húsið er í Hraunborgum Grímsnesi, við Asparvík 7. Húsið er leigt út í viku í senn frá föstudegi til föstudags, inn kl. 17 og út kl. 12. Sængurfatnað, handklæði og viskastykki þarf að hafa meðferðis. Barnarúm og barnastóll eru í húsinu. Húsið er um 60 fm, byggt árið 2011. Húsið er vel búið með þremur svefnherbergjum með svefnpláss fyrir sex manns. Stofa, eldhús og bað með sturtu. Þvottavél er í húsinu en ekki uppþvottavél. Stór pallur með heitum potti, gasgrilli og fallegu útsýni.

NÁGRENNIÐ

Húsið eru í rólegu og fallegu umhverfi. Um 5 mínútna akstur er að Ljósafossi en þar eru m.a. sundlaug og golfvöllur. Sundlaugin að Borg er ný og glæsileg með leiktækjum fyrir börn og unglinga. Golfvöllir eru í Öndverðarnesi, 9 holu völlur, og í Kiðjaborgi er 18 holu völlur.

SUMAR

30/5 til 27/6 og 8/8 til 29/8

Vika 32.700

HÁSUMAR

27/6 til 8/8

Vika 38.400

Fjöldi húsa	1
Stærð í fm	60
Heitur pottur	Já
Svefnherbergi	3
Svefnloft	Nei
Svefnpláss	6
Sængur og koddar	6
Borðbúnaður	6



Verð og dagsetningar eru birt með fyrirvara um breytingar og prentvillur.

SAMEIGINLEGUR VETTvangur ATVINNULEITENDA OG ATVINNUREKENDA

Hjá þjónustumiðstöð STARF í höfuðstöðvum VR er unnið markvisst að því að þjónusta atvinnulausa félagsmenn í atvinnuleit, sem og atvinnurekendur við að finna rétta starfsfólkið.

„Hér hjá VR er komið til móts við ólíkar þarfir þessara aðila og þeim fundinn sameiginlegur vettvangur,“ segir Gerða

Björg Hafsteinsdóttir, fagstjóri vinnumiðlunar, en hún býr yfir mikilli reynslu á þessu sviði.

Hún gegndi svipuðu starfi hjá Kópavogsbæ auk þess að starfa í teymi Reykjavíkurborgar sem þjónustar langtímaatvinnuleitendur sem eru að klára bótarétt sinn.



„Það sé mjög mikilvægt að atvinnuleitendur nýti tímann vel og hafi það hugfast að það sé vinna að finna vinnu.“

UNDIRBÚA ATVINNULEITINA VEL

„Það er áberandi að atvinnulausir félagsmenn VR vilja standa vel að sinni atvinnuleit og vita að vönduð vinna og undirbúningur gerir gæfumuninn. Þeir sýna mikið frumkvæði í því að sækja sér þá þjónustu sem við atvinnuráðgjafar STARFs hjá VR bjóðum upp á. Mæta til að mynda reglulega í einstaklingsmiðuð viðtöl. Við aðstoðum við gerð og yfirferð ferilskráa og kynningarbréfa. Einnig skoðum við hvaða markmið þeir geta sett sér í atvinnuleitinni og metum út frá því hvaða lausu störf skal sækja um. Ef atvinnuleitandi hefur áhuga á að starfa í sérstökum geira eða hjá tilteknu fyrirtæki gerum við áætlun um það. Viðkomandi setur sér þá markmið sem auka líkurnar á því að fá draumastarfið. Jafnframt veitum við aðstoð við undirbúning fyrir atvinnuviðtal og skoðum meðal annars hvaða launaupphæð er raunhæft að miða við og semja um fyrir tiltekið starf.“

Gerða Björg leggur áherslu á að það sé mjög mikilvægt að atvinnuleitendur nýti tímann vel og hafi það hugfast að það sé vinna að finna vinnu. Það skipti máli að fólk sé í markvissri atvinnuleit, setji sér markmið og skipuleggi daginn út frá leitinni. Í því felist að hafa tækin sem notuð eru í lagi, þ.e. ferilskrá og kynningarbréf, og að þau gefi sem raunhæfasta mynd af þeirri menntun og hæfni, reynslu, kunnáttu og þekkingu sem viðkomandi býr yfir. Mjög mikilvægt sé að virkja tengslanetið en innan þess geti rúmast fólk úr öllum áttum, til dæmis fjölskylda, vinir og fyrrverandi samstarfsmenn, og því sé aldrei að vita hvaða árangur það geti borið. Einnig sé mikilvægt að atvinnuleitendur hafi raunhæfar væntingar


um hvaða störfum þeir vilji gegna og ekki síður hvaða störfum þeir geti gegnt. Beri atvinnuleitin ekki árangur með þessum áherslum skipti máli að atvinnuleitendur nýti tímann til að viðhalda þeirri þekkingu sem þeir búi yfir með námskeiðum eða styttri námsleiðum hvers konar. Þannig fylli þeir að einhverju leyti upp í það gat sem myndist óhjákvæmilega í ferilskránni við atvinnuleysi.


AÐSTOÐA FYRIRTÆKI

AÐ FINNA RÉTTA STARFSFÓLKID

Á skrá STARFs er mikið af góðu og hæfileikaríku fólki sem býr yfir þekkingu og reynslu á öllum sviðum atvinnulífsins. Þetta eru einstaklingarnir sem fyrirtækin eru að leita að og er mikill hagur af því að fá þá til starfa. Atvinnurekendur geta leitað til okkar, bæði hvað varðar almennar ráðningar sem og ráðningar í vinnumarkaðsúrræði. Þessi þjónusta er fyrirtækjum að kostnaðarlausu. Þjónustan felst í því að sami atvinnuráðgjafi STARFs þjónustar fyrirtækið, finnur einstaklinga sem koma til greina í starfið og boðar í atvinnuviðtöl. Sé um ráðningu í vinnumarkaðsúrræði að ræða fer atvinnuráðgjafi yfir umsóknir með tilliti til tímalengdar viðkomandi á atvinnuleysissskrá og sér um samningagerð. Aðalatriðið í þjónustunni er að leitað er markvisst að rétta einstaklingnum úr okkar hópi í hvert starf út frá þeim menntunar- og hæfniskröfum sem settar eru fram.

Eins og staðan er í dag kallar það á mikla vinnu fyrir atvinnurekendur að finna rétta einstaklinginn í starf af atvinnuleysissskrá. „Við viljum auðvelda fyrirtækjum þessa vinnu og um leið einfalda þetta ferli. Við viljum auðvelda fyrirtækjum að finna rétta starfsfólkið.“

„Við erum mjög ánægð með þá ákvörðun margra fyrirtækja að nýta sér þjónustu okkar. Við teljum að með þessu séu fyrirtækin að sýna mjög mikla samfélagslega ábyrgð í því að leggja sitt af mörkum við að draga úr atvinnuleysi. Jafnframt má ekki gleyma því hvaða jákvæðu áhrif þetta hefur á þann einstakling sem kemst í starf á ný. Við leggjum metnað okkar í að þeir sem leiti til okkar fái sem besta þjónustu. Það eykur líkurnar á því að atvinnuleitendur komist í starf á ný og að atvinnurekendur ráði rétta starfsfólkið. Við lítum svo á að STARF hjá VR sé sameiginlegur vettvangur þar sem þessir aðilar koma saman og sé rétt staðið að málum verði úr því atvinna. Það er hagur allra,“ segir Gerða Björg að lokum 



TÆKIFÆRI TIL RÁÐNINGA

Ertu að leita að starfsmanni?

Erum með frambærilega félagsmenn VR í atvinnuleit á skrá. Fólk með fjölbreytta menntun og reynslu. Aðstoðum fyrirtæki við ráðningarferli þeirra, bæði almennar ráðningar sem og vinnumarkaðsúrræði.

Vinnumarkaðsúrræði í boði þegar ráðið er af atvinnuleysissskrá:

Starfsþjálfunarsamningar – tímabundin ráðning til allt að 6 mánaða með meðgjöf miðað við tímalengd viðkomandi einstaklings á skrá.

Reynsluráðningarsamningur – tímabundin ráðning til 6 mánaða með meðgjöf miðað við tímalengd viðkomandi einstaklings á skrá. Skuldbindur atvinnurekanda til að ráða viðkomandi inn í 6 mánuði án meðgjafar eftir að samningi um reynsluráðningu lýkur.

Önnur vinnumarkaðsúrræði eru einnig möguleg.

Skilyrði umsókna um vinnumarkaðsúrræði má sjá á heimasíðu okkar www.starfid.is. Einnig er hægt að hafa samband við ráðgjafa STARFs með því að senda tölvupóst á starf@vr.is eða hringja í síma 510-1700.



STARF
VINNUMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

HVAÐ GERIR VR FYRIR ÞIG?

Félagsmenn VR sækja fjölbreytta þjónustu til félagsins og samskiptin eru mikil. Ætla má að hver og einn félagsmaður hafi snert félagið að minnsta kosti einu sinni í mánuði að meðaltali á síðasta ári. Sumir hringdu eða komu til að ræða við sérfræðinga félagsins, aðrir leituðu eftir upplýsingum á heimasíðunni, sóttu um styrk úr sjóðum félagsins eða leigðu orlofshús svo fátt eitt sé nefnt.

68 ÞÚSUND SÍMTÖL Á ÁRINU 2013

Þjónustuver VR er öflugt og veitir ítarlega þjónustu. Símtöl til VR á árinu 2013 voru um 68 þúsund talsins eða vel yfir fimm þúsund í hverjum mánuði. Að auki bárust rúmlega 10 þúsund fyrirspurnir á netfang VR, vr@vr.is, á árinu.

En félagsmenn hafa ekki einungis samband símleiðis eða í tölvupósti heldur koma líka á skrifstofur félagsins. Á síðasta ári voru heimsóknir á skrifstofu VR í Reykjavík tæplega 27 þúsund talsins og eru þá ótaldar heimsóknir á skrifstofur VR utan höfuðborgarsvæðisins, á Akranesi, Egilsstöðum og í Vestmannaeyjum. Flestir voru að sækja um styrk en hátt í helmingur kom til fundar við sérfræðinga Kjaramálasviðs, Sjúkrasjóðs, Virks eða Starfs.

20 ÞÚSUND SÓTTU UM STYRKI


Félagsmenn geta sótt um styrki úr öflugum sjóðum, VR varasjóði, Sjúkrasjóði og starfsmenntasjóðum. Á árinu 2013 námu greiðslur úr þessum sjóðum tæpum einum og hálfum

milljarði króna til tæplega 20 þúsund félagsmanna. Helmingur upphæðarinnar fór í greiðslur sjúkradagpeninga en flestar umsóknir voru þó í varasjóð, hátt í fjórtán þúsund félagsmenn sóttu um styrk í sjóðinn á árinu, helmingurinn vegna líkamsræktar.

16 ÞÚSUND Á VEFINN Í MÁNUÐI

VR opnaði heimasíðu fyrst um áramótin 1997-98 og er vefur félagsins, www.vr.is, nú einn af stærstu þjónustuvefjum landsins. Hann er mikið sóttur, bæði af félagsmönnum og öðrum, á síðasta ári voru gestir að meðaltali rúmlega 16 þúsund á mánuði, miðað við staka notendur. Árið 2004 opnaði VR Mínar síður á vefnum þar sem félagsmenn geta fengið upplýsingar um stöðu sína hjá félaginu, greiðslu félagsgjalda og sótt rafrænt um úr varasjóði og starfsmenntasjóðum svo fátt eitt sé nefnt. Rétt rúmlega helmingur VR félaga, eða 53%, nýtti sér síðurnar á árinu 2013, sem er afar ánægjulegt.

FJÖLDI FÉLAGSMANNA Á MÁNUÐI AÐ MEÐALTALI



*Undir liðinn Annað fellur þátttaka í könnun VR og námskeiðum og leiga orlofshúsa.


STEINUNN BÖÐVARSDÓTTIR Próunarsviði VR

10 ÞÚSUND SVARA ÁRLEGRI KÖNNUN VR

VR stendur árlega fyrir könnun meðal fullgildra félagsmanna til að kanna líðan þeirra, starfsaðstæður og laun og önnur kjör. Á árinu 2013 fengu 22 þúsund félagsmenn sendan spurningalista og um tíu þúsund þeirra svöruðu. Þessi könnun er nú orðin ein víðamesta vinnumarkaðskönnun sem gerð er hér á landi, á síðasta ári náði hún til fimmtíu þúsund starfsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði. Niðurstöðurnar veita okkur ómetanlegar upplýsingar um stöðu og viðhorf félagsmanna.

OG ÞETTA ER EKKI ALLT ...

Þetta eru helstu snertingar milli VR og félagsmanna á milli á árinu 2013. Enn eru þó ótaldar fjölmargar aðrar samskiptaleiðir, t.d. í VR blaðinu sem sent er til allra fullgildra félagsmanna nokkrum sinnum á ári, í tölvupósti og fréttasendingum, í kosningum um kjarasamninga og forystu félagsins, í fyrirlestrum og námskeiðum sem 600 félagsmenn sóttu árið 2013, og síðast en ekki síst orlofshúsunum, en á þriðja þúsund félagsmenn dvöldu í orlofshúsum VR á síðasta ári.

Félagsmenn VR eru um 29 þúsund talsins og leggur VR áherslu á að veita þeim þá þjónustu sem þeir þurfa og leita eftir. Þannig fáum við upplýsingar um hvað brennur helst á félagsmönnum og hvað við getum gert betur. Og við viljum sífellt gera betur. Hvað getum við gert fyrir þig? 

ÚR LÖGUM VR UM KOSNINGAR

20.1. UM KOSNINGU FORMANNS OG STJÓRNAR

Formaður skal kosinn í einstaklingskosningu annað hvert ár. Árlega skulu 7 stjórnarmenn kosnir til tveggja ára og 3 varamenn til eins árs í einstaklingsbundinni kosningu.

Komi fram fleiri framboð en sæti sem í boði eru skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna.

Berist ekki nægilega mörg framboð skal stjórn félagsins gera tillögu um stjórnarmenn sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar. Ef fleiri tillögur koma fram á fundi trúnaðarráðs skal kosið á milli þeirra á fundinum. Afl atkvæða ræður úrslitum.

20.2. UM KOSNINGU Í TRÚNAÐARRÁÐ

Árlega skal kjósa 41 fulltrúa í listakosningu til setu í trúnaðarráði til tveggja ára í senn.

Komi fram fleiri en einn listi skal viðhafa rafræna kosningu meðal fullgildra félagsmanna. Þá skal kosið á milli lista og sá listi sem fær flest atkvæði telst rétt kjörinn. Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum.

Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarmannaráði skal velja frambjóðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér. Berist ekki nægilega mörg framboð skal Uppstillinganefnd gera tillögu um fulltrúa til setu á listanum sem bera skal upp í trúnaðarráði til samþykktar.

Hafi fleiri gefið kost á sér en sætin sem skipa á skal listinn borinn upp í trúnaðarráði til

samþykktar. Sá sem gefið hefur kost á sér en ekki fengið sæti á listanum getur krafist þess að kosið verði um frambjóðendur á fundi trúnaðarráðs.

20.3. UM FRAMKVÆMD KOSNINGA

Kjörstjórn úrskurðar um lögmati framboða.

Kjörstjórn sér um og tekur ákvarðanir um framkvæmd kosninga. Ákvarðanir kjörstjórnar eru endanlegar.

Kjörstjórn skal auglýsa eftir framboðum í dagblöðum og á vefsíðu félagsins. Framboðs-frestur skal vera að minnsta kosti tvær vikur.

Framboðum skal skila á skrifstofu félagsins og skulu fylgja þeim upplýsingar um nafn og kennitölu frambjóðenda. Skrifleg meðmæli 15 félagsmanna þarf vegna framboðs til stjórnar. Skrifleg meðmæli 50 félagsmanna þarf vegna framboðs til formanns.

Við framboð lista til trúnaðarráðs skal liggja fyrir skriflegt samþykki allra þeirra sem á listanum eru.

Til að listi sem borinn er fram gegn lista trúnaðarráðs sé löglega fram borinn þarf skrifleg meðmæli 300 félagsmanna.

Kjörstjórn er heimilt að gefa sólarhringsfrest til að lagfæra annmarka á framboðum. Kosning skal fara fram innan 4 vikna frá því að framboðsfrestur rennur út. Kosningum til trúnaðarstarfa í félaginu skal lokið eigi síðar en 15. mars ár hvert.

Frambjóðendur í einstaklingskosningu geta dregið framboð sitt til baka allt að viku fyrir upphaf kjördags. Frambjóðendur í listakosningu

geta ekki dregið framboð sitt til baka eftir að framboðsfresti lýkur.

Skrifstofa félagsins sér um kynningu á frambjóðendum í miðlum félagsins eins og þeir eru á hverjum tíma. Þá skal haldinn kynningafundur meðal félagsmanna með frambjóðendum eigi síðar en viku fyrir upphaf kjördags. Um framkvæmd og undirbúning kosninga fer að öðr leyti eftir reglugerð ASÍ um leynilegar atkvæðagreiðslur.

20.4 UM KJÖRSEDLA OG RÖÐUN Á LISTA

VIÐ KOSNINGU TIL STJÓRNAR:

Raða skal frambjóðendum á kjörseðilinn eftir stafrófsröð og kjósendur merkja við minnst 1 en mest 7. Til að viðhalda jafnri kynjaskiptingu í stjórn VR skal sá frambjóðandi sem flest atkvæði fær skipa 1. sæti í stjórn. Næsta sæti skipar sá sem flest atkvæði fékk en er af hinu kyninu o.s.frv. Þeir 7 sem flest atkvæði fá samkvæmt framansögðu teljast rétt kjörnir aðalmenn í stjórn VR til 2ja ára. Næstu 3 teljast rétt kjörnir varamenn í stjórn VR til 1 árs.

VIÐ KOSNINGU TIL TRÚNAÐARRÁÐS:

Séu fleiri listar en listi stjórnar og trúnaðarráðs skal merkja listana með bókstaf hvern fyrir sig í þeirri röð sem þeir berast. Nöfnum á hverjum lista skal raðað í stafrófsröð. Sé á fundi trúnaðarráðs kosið milli einstaklinga sem skipa skulu listann sbr. 5.mgr. 20.gr. 2, skal nöfnum raðað á kjörseðil í stafrófsröð **VR**.



ALLSHERJARATKVÆÐA- GREIÐSLA Í VR 2014

Allsherjaratkvæðagreiðsla meðal félagsmanna VR vegna kjörs stjórnar VR kjörtímabilið 2014–2016 hefst kl. 9.00 fimmtudaginn 6. mars 2014 og lýkur kl. 12.00 á hádegi föstudaginn 14. mars 2014. Atkvæðagreiðslan er rafræn.

HVERJIR Hafa ATKVÆÐISRÉTT?

Atkvæðisrétt í kosningunum hafa allir fullgildir VR félagar. Á kjörskrá eru einnig eldri félagsmenn (hættir atvinnuþátttöku vegna aldurs) sem greiddu eitthvert félagsgjald á 67. aldursári og höfðu greitt a.m.k. 50 mánuði af 60 á síðustu fimm árum áður en þeir urðu 67 ára.

BRÉF TIL ATKVÆÐISBÆRRA FÉLAGSMANNA

Allir kosningabærir félagsmenn fá sent bréf í pósti með upplýsingum um hvernig atkvæðagreiðslan fer fram. Aðgangur að rafrænum atkvæðaseðli er frá Mínum síðum á vef VR. Þeir sem ekki hafa aðgang að atkvæðaseðli en telja sig eiga rétt til þátttöku í atkvæðagreiðslunni geta sent erindi til kjörstjórnar á netfangið kjorstjorn@vr.is eða í pósti til Kjörstjórnar VR, Húsi verslunarinnar, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, fyrir lok kjörfundar. Kærufrestur er til loka kjörfundar.

HVERNIG Á AÐ KJÓSA?

Til að kjósa skráir þú þig inn á **Mínar síður** á heimasíðu VR með lykilorði þínu og smellir á hnappinn **Atkvæðaseðill**. Þá opnast atkvæðaseðill í nýjum vafra og upplýsingar um hvernig þú átt að bera þig að við að greiða atkvæði. Ef þú hefur ekki lykilorð inn á Mínan síður getur þú sótt

um lykilorð og það verður sent í heimabanka þinn eða á heimilisfang þitt eins og það er skráð í félagaskrá VR. Þú getur sótt um lykilorð á heimasíðu VR eða með því að hringja í þjónustuver félagsins í síma 510 1700. Rétt er að benda á að úthlutun sæta í stjórn á grundvelli niðurstöðu kosninganna fer fram með svokallaðri fléttuaðferð, þ.e. karlar og konur raðast til skiptis í sætin. Sjá nánar á bls. 23 þar sem 20. grein laga VR um kosningu til trúnaðarstarfa er birt í heild sinni.

FRAMBJÓÐENDUR

Kosið er á milli 15 frambjóðenda til sjö sæta í stjórn. Kynning á frambjóðendum er hér í blaðinu og á vef félagsins, www.vr.is.

FRAMBJÓÐENDUR TIL STJÓRNAR VR ERU:

Benóný Valur Jakobsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Björn Axel Jónsson
Dóra Magnúsdóttir
Gísli Kristján Gunnsteinsson
Harpa Sævarsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ingibjörg V. Jósefsdóttir
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Óskar Guðmundsson
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Ævar Karlsson

Ekkert mótframboð barst gegn lista Uppstillinganefndar VR í trúnaðarráð félagsins og telst hann því löglega kjörinn. Listinn er birtur í heild sinni á bls. 33 [VR](#).

VOTING FOR BOARD MEMBERS

VR will hold a secret ballot to elect board members for VR. The voting will begin at 9.00 am 6th March 2014 and will end at 12.00 noon on 14th March 2014.

WHO IS ENTITLED TO VOTE?

All VR members in good standing are entitled to vote. Also entitled to vote are senior members (retired) who paid some dues in their 67th year and paid dues for at least 50 of the 60 months from age 62 to 67.

All members entitled to vote will receive a letter detailing the voting process. Access to electronic ballot papers is via Mínar síður on the VR website (members' personal pages on the website).

If you believe you are entitled to vote but do not have access to the ballot papers, please send a complaint to the VR election committee, VR, Kringlunni 7, 103 Reykjavík or by e-mail to VR's election committee kjorstjorn@vr.is, before the end of voting at 12.00 noon on 14th March 2014.

HOW TO VOTE

The voting is electronic via Mínar síður on the VR website. To access Mínar síður you need a password, which you can apply for on the VR website and will be sent as an online statement to your online bank under the header Lykilorð frá VR.

Once you have logged on to **Mínar síður**, please choose the button **Ballot** on the front page and you will be directed to the ballot. Members are also welcome to cast their votes at the offices of VR in Reykjavík, Vestmannaeyjar, Akranes and Egilsstaðir during the election. The votes will be counted as soon as voting ends.

CANDIDATES FOR MEMBERS OF THE EXECUTIVE BOARD ARE, IN ALPHABETICAL ORDER:

Benóný Valur Jakobsson
Bjarni Þór Sigurðsson
Björn Axel Jónsson
Dóra Magnúsdóttir
Gísli Kristján Gunnsteinsson
Harpa Sævarsdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Ingibjörg V. Jósefsdóttir
Jóhann Már Sigurbjörnsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Ólafur Reimar Gunnarsson
Óskar Guðmundsson
Sigurður Sigfússon
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir
Ævar Karlsson

For further information on the candidates, see p. 33 and the VR website, in Icelandic only 

Mínar síður létta þér sporið!

Á Mínum síðum færðu allar helstu upplýsingarnar sem þig varðar.

Staða í sjóðum

Þú færð upplýsingar um inneign þína í varasjóði VR og upplýsingar um réttindi í starfsmenntasjóði.

Öryggisnúmerið

Öryggisnúmerið er birt á Mínum síðum en upplýsingar um stöðu og inneign í sjóðum eru ekki veittar í gegnum síma nema öryggisnúmer sé gefið upp.

Yfirlit yfir félagsgjöld

Birt er yfirlit yfir greidd félagsgjöld frá upphafi. Einnig getur þú séð upplýsingar um þína launaþróun sem og yfirlit yfir allar umsóknir til félagsins.

Fyrir skattframtalið

Launamiðar fyrir greiðslur úr starfsmennta- eða varasjóðum eru birtir, sem og fyrir dagpeninga og bætur.

Orlofsmiðar

Þú getur keypt orlofsmiða hjá Icelandair og WOW air.

Orlofshús

Þú getur sótt um orlofshús VR.

Rafrænar umsóknir

Á Mínum síðum er hægt að sækja rafrænt um styrki úr VR varasjóði sem og starfsmenntasjóðum.

Kannaðu málið!

Virðing
Réttlæti

VR



Benóný Valur Jakobsson

Fæðingardagur og ár

2. júlí 1968

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang/vefsíða

benni@66north.is

benony.is



Bjarni Þór Sigurðsson

Fæðingardagur og ár

4. september 1958

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang / vefsíða

bthor@365.is

bjarnivr.wordpress.com

Facebook

bjarnithor.vr

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði hjá Sjúklæðagerðin/66°Norður.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef frá unga aldri verið mjög virkur í félagsstörfum. Var formaður nemendaráðs Framhaldsskólans á Laugum, formaður Félags ungra jafnaðarmanna á norðurlandi eystra, sat í stjórn Félags ungra jafnaðarmanna í Reykjavík, er í dag formaður Fálkana, stuðningsfélags við barna og unglingastarf í Val. Sit í stjórn knattspyrnudeildar Vals og er formaður meistarflokkaráðs kvenna í Val. Hef setið í stjórn VR síðastliðin 3 ár, eitt ár sem varamaður og sl. 2 ár sem aðalmaður. Sit í stjórn Landssambands íslenskra verslunarmanna.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef undanfarin ár talað fyrir því innan stjórnar VR að einungis með því að taka ábyrg, hnitmiðuð og vel ígrunduð skref til kaupmáttaráukningar í samvinnu við vinnuveitendur og stjórnvöld, getum við náð til baka þeim kaupmætti sem tapaðist á árunum í kringum hrun. Hyggst ég halda þeirri vinnu áfram náí ég kjöri. Húsnæðismál og sjúkrasjóður VR hafa verið mín helstu mál innan stjórnar VR. Sjúkrasjóður stendur á ákveðnum tímamótum í dag og þar þarf að verja eins vel og hægt er réttindi félagsmanna. Þýð ég mig fram í það verkefni. VR hefur að mínu mati í dag tækifæri til að taka forystu í því flotta máli að koma á stöðugum leigumarkaði á Íslandi með því að sameina þá krafta sem sýna þessu verkefni áhuga og stýra því til árangurs fyrir alla. Ég býð mig fram til að vinna að því verkefni áfram. Jafnréttismál eru mér hugleikin og studdi ég jafnlaunavottunina með ráðum og dáð. Mun ég vinna því máli sem og öðrum er lúta að jöfnum launum kynjanna fylgis ná ég kjöri. Kæri félagi, ég bið um stuðning þinn til að halda áfram að góðum málum fyrir okkur og félagið okkar.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég vinn hjá fjölmiðlafyrirtækinu 365 Miðlar og hef starfað þar frá árinu 2006, nú sem verkefnastjóri á vefmiðlinum vísir.is. Ég hef m.a. starfað fyrir frönsku sjónvarpsstöðina TV2, RÚV, Stöð2 og sjálfstætt við kvikmynda-, auglýsinga- og þáttagerð. Ég nam kvikmyndagerð við Conservatoire Libre du Cinéma Français í París og lauk rekstrar- og viðskiptanámi við Endurmenntun Háskóla Íslands árið 2007 og diplómanámi í viðskiptafræði við HÍ árið 2010.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið félagsmaður í VR frá 1999. Var kjörinn í trúnaðarráð VR árið 2009. Ég var trúnaðarmaður starfsmanna 365 og varamaður í stjórn VR 2010-12. Í kosningum VR árið 2012 var ég kosinn í stjórn og hef gegnt stöðu varaformanns VR frá því í apríl 2013.

Það er oft svo að þeir sem hafa áhuga á félagsmálum veljast til að bjóða sig fram í nefndar- og trúnaðarstörf. Ég hef mikla ánægju af félagsstörfum og því að vinna með fólki, hef verið virkur frá unga aldri, s.s. í stjórn Fjalakattarins, kvikmyndaklúbbs framhaldsskólanna, í hverfaráði Mið- og Vesturbæjar og stjórn Samfylkingarfélags Reykjavíkur. Ég er í stjórn ÍTR og er formaður Húsnæðisnefndar VR, auk þess sem ég er í nefnd á vegum Reykjavíkurborgar, sem fulltrúi ASÍ, um húsnæðismál, sem heitir Ný húsnæðissamvinnufélög. Nefndin er að skoða mögulegt samstarf stéttarfélaganna og borgarinnar um uppbyggingu á nýju leiguíbúðakerfi.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef látið húsnæðismál mig miklu varða. Ég tel að það sé eitt af brýnustu verkefnum okkar í náinni framtíð að leysa húsnæðisvanda þann sem ekki eingöngu ungt fólk stendur frammi fyrir, heldur margir þeir sem standa höllum fæti eftir hrunið. Afleiðingu stökkbreyttra húsnæðislána í bland við minnkandi kaupmátt má glögg sjá hjá mörgum af félagsmönnum okkar. Með sameiginlegu átaki stóru stéttarfélaganna og í samstarfi við sveitarfélög og ríkið á að vera hægt að byggja upp nýtt kerfi húsnæðismála til framtíðar. Kæru VR félagar, ég hef leitt þetta starf innan VR og bið um stuðning ykkar til þess að halda því áfram.



Björn Axel Jónsson

Fæðingardagur og ár

18. júní 1982

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

bjorna@simnet.is



Dóra Magnúsdóttir

Fæðingardagur og ár

25. október 1965

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang/vefsíða

doramagnusdottir@gmail.com

doramagnusdottir.com

Facebook

doramagnusdottir

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Lagerstjóri hjá Hagkaup í Kringlunni. Útskrifaðist úr Verslunarfagnámi frá Verslunarskóla Íslands 2007

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Sat í stjórn nemendafélags Verkmenntaskóla Austurlands veturinn 1998-1999. Sit í stjórn starfsmannafélags Hagkaups

HELSTU ÁHERSLUR

Framboð mitt til setu í stjórn VR er einna helst vegna áhuga á að starfa innan VR fyrir félagsmenn VR. Ég vil fyrst og fremst starfa í stjórn VR með heiðarleika, samviskusemi og sanngirni að leiðarljósi. Ég hef mikinn áhuga á jafnrétti, en þá er ég er ekki endilega að tala um jafnrétti milli kynja heldur jafnrétti á milli einstaklinga því mitt álit er að það á að meta einstaklinga að verðleikum en ekki út frá kyni þeirra. Einnig er ég tilbúinn að beita mér fyrir kjarabótum sem fælu í sér að í stað hinnar hefðbundnu prósentuhækkunar yrði krónutöluhækkun þar sem laun þeirra lægst launuðu myndu hlutfallslega hækka meira en þeirra sem hæst laun hafa. VR er sterkt stéttarfélag með sterka félagsmenn og ég skora á þig, kæri félagismaður, að kjósa og hafa mig í huga þegar þú ákveður hvern eða hverja þú vilt fá í stjórn VR fyrir árin 2014-2016.

Viltu hafa áhrif? Pitt atkvæði skiptir máli!

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég starfa sem almannatengill á Evrópustofu. Áður starfaði ég sem framkvæmdastjóri hjá Eldstöðinni, markaðsstjóri hjá Höfuðborgarstofu, Íslenskum ævintýraferðum og Tölvudreifingu og deildarstjóri í upplýsingadeild Icelandair. Ég hef einnig starfað lengi sem leiðsögumaður og blaðamaður. Ég lauk stúdentsprófi frá MH og prófi frá Leiðsöguskóla Íslands. Að auki hef ég lokið B.Sc. prófi í landfræði frá HÍ, markaðs- og viðskiptafræði frá Interactive Marketing and Multimedia Academy í Danmörku, fjölmiðlafræði frá HÍ og MPA gráðu í stjórnsýslufræðum frá HÍ.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef setið í ferðamálaráði, stjórn Sjóminjasafnsins Víkurinnar, í stjórn Ferðamálasamtaka Íslands, verkefnisstjórn Inspired by Iceland, verkefnisstjórn Grænu borgarinnar, markaðshópi Iceland Naturally, stjórn Ráðstefnuskrifstofu Íslands og gegndi þar stjórnarformennsku í tvö ár, stjórn Samtaka um heilsutengda ferðapjónustu, samstarfshópi um kynningarmál sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, stjórn Ferðamálasamtaka höfuðborgarsvæðisins, samstarfshópi markaðsstofa landshlutanna og í stjórn Félags stjórnsýslufræðinga.

HELSTU ÁHERSLUR

VR hefur reynst mér vel gegnum tíðina; vegna launamála þegar fyrirtæki sem ég vann hjá varð gjaldþrota og vegna veikinda. Sem almennur launþegi og yfirmaður hef ég velt fyrir mér álitamálum og fengið skýr og skjót svör. Ég hef alltaf fengið framúrskarandi afgangi hjá VR. Vegna jákvæðrar reynslu hef ég hvatt fólk í kringum mig til að ganga í félagið. Nú vil ég borga fyrir mig og byð mig fram í stjórn VR.

Það er ekki sjálfgefið að fólk viti hvað VR standi fyrir né að ungt fólk þekki sín réttindi. Ég vil skoða nýjar leiðir til að efla kynningu á réttindum félagsmanna VR með sérstaka áherslu á ungt fólk og innflytjendur.

Nútíminn kallar á stöðuga starfsmenntun sem VR á styðja við. Starfsmenntun er nauðsynleg á vinnumarkaði, en hún er líka skemmtilegt krydd í lífið. Kynbundinn launamunur og kaupmáttaraukning VR félaga eru mér einnig hugleikin og ber að leggja sérstaka áherslu á við núverandi aðstæður.



Gísli Kristján Gunnsteinsson

Fæðingardagur og ár

18. október 1980

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang/vefsíða

gisli.gunnsteinsson@rfl.is

gisli.gunnsteinsson@rfl.is



Harpa Sævarsdóttir

Fæðingardagur og ár

8. maí 1971

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

harpasaev@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Sölustjóri í vef- og póstverslun Rúmfatalagersins. Stúdentspróf frá MS 2001, BA í heimspeki frá HÍ með fjölmörgum launum sem aukafag 2007. Hóf MSc nám í mannauðsstjórnun í HÍ (MSc ritgerð ólokið). Meðfram háskólanámi hef ég alltaf unnið í hluta- eða fullu starfi. Vann sem öryggisvörður og þjónustufulltrúi hjá Samskipum, sendill og lagerstarfsmaður hjá Einari Farestveit & co, þjónn og umsjónarmaður Netkaffi í Kringlunni.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef verið meðlimur í VR mest alla mína starfsævi. Var trúnaðarmaður fyrir hönd VR 2007 og hef setið í trúnaðarráði VR síðan vorið 2013.

HELSTU ÁHERSLUR

Mér finnst mikilvægt að virkja félagsmenn VR með bættu aðgengi og auðveldari samskiptaleiðum við stéttarfélagið sjálft. Með aukinni virkni félagsmanna munu nýjar áherslur og nýjar hugmyndir ryðja sér til rúms og endurspegla betur vilja þeirra. Það sýndi sig vel í kosningu um síðustu kjarasamninga að áhugaleysi er algert. Það er ekkert nema skortur á vilja sem aftrar svona fjölmennu stéttarfélagi frá því að vera í betra sambandi við félagsmenn sína. Þessu vil ég breyta.

Það eru fjölmörg málefni innan VR sem vert er að takast á við á komandi árum. Kjaramál félagsmanna VR eiga alltaf að vera í brennidepli og víðtæk samvinna um stöðugleika er nauðsynleg. Óútskýrður kynbundinn launamunur er málefni sem þarf að taka fastari tökum, jafnlaunavottun VR er jákvætt en hægvirkt skref í rétta átt.

Ég hef vilja og áhuga til að starfa í þágu félagsmanna VR en ég þarfnast stuðnings ykkar til þess. Þitt atkvæði skiptir mig máli.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Hóf störf hjá Íshestum í maí 2011 sem sölufulltrúi fyrir dagsferðir ásamt öðrum tilfallandi skrifstofustörfum. Þar á undan vann ég hjá Flugfélaginu Atlanta í um 15 ár. Stundaði nám við FB kvöldskóla, kláraði skrifstofu- og bókhaldsnám hjá Promennt og lauk námi til undirbúnings á Viðurkenndum bókara í desember síðastliðnum.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Trúnaðarmaður hjá Íshestum síðastliðin 2 ár, sat í Trúnaðarmannaráði VR og sat í stjórn sunddeildar Fjölnis.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég vil standa vörð um réttindi félagsmanna s.s. kjarasamninga, orlofsréttindi og efla sjúkra- og starfsmenntasjóð. Ég vil líka leggja áherslu á orlofssvæði félagsmanna ásamt því að kynna betur fyrir félagsmönnum þau réttindi sem fylgja jafn öflugum félagi sem VR er. Uppbygging orlofssvæða félagsmanna hefur verið mjög góð en lengi má bæta t.d. fyrir félagsmenn með gæludýr en það vantar fleiri bústaði sem leyfa gæludýr sem eru jú hluti af fjölskyldum fólks.



Ingibjörg Ósk Birgisdóttir

Fæðingardagur og ár

13. september 1970

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

i.birgisdottir@gmail.com

Facebook

ingibjorg.birgisdottir



Ingibjörg Vala Jósefsdóttir

Fæðingardagur og ár

24. júní 1956

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

ingaval@hotmail.com

Facebook

ingibjorg.josefsdottir.1

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Starfa sem ritari á Skrifstofu Verkfræðingafélags Íslands og Tæknifræðinga-
félags Íslands. Er með leikhúsmenntun frá Orange Coast College, Kaliforníu.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Stjórn VR frá 2010, miðstjórn ASÍ, framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR,
starfsmenntanefnd VR, húsnæðisnefnd VR, 1. maí nefnd Fulltrúaráðs
verkalýðsfélaganna í Reykjavík, fulltrúi í verkefnastjórn átaksins „Vertu
á verði“. Einnig sit ég í stjórn Neytendasamtakanna.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég býð mig fram af því að mig langar til að halda áfram því fjölbreytta
félagsstarfi sem ég hef sinnt fyrir VR undanfarin fjögur ár. Ég tel mig geta
nýtt þá reynslu sem ég hef aflað mér til hagsbóta fyrir félagsmenn, ekki
síst á vettvangi sjúkrasjóðs en ég hef verið formaður framkvæmdastjórnar
hans síðastliðin ár. Með kjöri á nýjum formanni á síðasta ári komst á meiri
ró í stjórn VR en árin þar á undan. Með nýjum formanni komu líka nýjar
áherslur, til dæmis er nú lögð meiri áhersla á starfsmenntunarmál en
áður. Aukin starfsmenntun og símenntun eru líklega bestu leiðirnar fyrir
félagsmenn til að bæta kjör sín varanlega þegar til lengri tíma er litið.
Tilveruréttur VR byggist alfarið á þörfum félagsmannanna, því verkefni
að standa vörð um réttindi þeirra og kjör. Félagsmenn, einkum unga
fólkið, verður að vekja til vitundar um rétt sinn. Það er nefnilega þannig
að þegar á reynir, við áföll eins og atvinnumissi og veikindi, og ef maður
telur brotið á réttindum sínum, er gott að geta leitað aðstoðar hjá öflugum
stéttarfélagi sem hefur á að skipa traustu og reynslumiklu starfsfólki.

Kæri félagsmaður, ég vona að þú gefir þér tíma til að skoða og kynna þér
áherslur okkar sem erum í framboði, það er mikilvægt að félagsmenn leggi
sitt af mörkum og velji sterkt fólk til forustu í félaginu. Ef það er eitthvað sem
þig langar til að spyrja mig um, ekki hika við að senda mér tölvupóst.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég hef verið félagsmaður í VR síðan 1987 en þó með hléum þar sem
ég bjó erlendis um tíma. Ég starfaði lengst af sem bókari, bæði fyrir eigið
fyrirtæki og annarra. Einnig hef ég unnið ýmiss konar önnur skrifstofu- og
þjónustustörf samhliða heimilis- og uppeldisstörfum. Ég lauk prófi frá
EHÍ í markaðs og útflutningsfræði 2005, ferðamálafræði frá MK 2004
og leiðsöguprófi frá MK 2000 og vinn sem leiðsögumaður í dag.

REYNSLA AF FÉLAGSMÁLUM

Ég tek virkan þátt í félagsstarfi leiðsögumanna og er fulltrúi félagsins
í IGC (Félagi norræna leiðsögumanna). Önnur félagsstörf mín tengjast
skólagöngu barna minna með þátttöku í foreldra- og íþróttafélögum.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég hef brennandi áhuga á samfélagsmálum og vil stuðla að því að styrkja
félagið okkar og vinna að því að halda þeim réttindum sem áunnist hafa.
Hækkun launa er brýn og mikilvægasta baráttumálið hjá VR í nánustu
fram tíð. Ég hef mikla trú á að jafnlaunastefna VR muni skila sér til jöfnunar
launa og er stolt af VR fyrir þessa stefnu. En mál dagsins eru húsnæðismál.
Öruggt heimili er undirstaða velferðarsamfélagsins. VR á að taka virkan
þátt í þessari umræðu og taka afgerandi afstöðu í þessum málum. Við
þurfum að hvetja félagsmenn til að nýta sér endurmenntunarsjóði,
þar sem það eykur starfsánægju sem svo aftur skilar sér út í samfélagið.
Sjúkrasjóðir verkalýðsfélaganna eru eitt af mestu framfaraskrefum síðustu
ára og skipta miklu máli til framtíðar eftir því sem við eldumst. Ef ég verð
kosin í stjórn VR mun ég leggja mig fram um að vinna að hag félagsins
af heiðarleika og trúmennsku. Mér er umhugað um að við komum fram
sem sterkt og sameinað afl sem mun einbeita sér að því að vinna að
baráttumálum VR. Þannig sköpum við betri framtíð fyrir okkur öll með
hagsmunamál allra að leiðarljósi.



Jóhann Már Sigurbjörnsson

Fæðingardagur og ár

23. desember 1974

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

johann787@hotmail.com

johann@bondi.is

Facebook

johannmarofficial



Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Fæðingardagur og ár

19. maí 1974

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

Kristjana74@gmail.com

Facebook

VR-framboð/254739921327697

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Kerfisstjóri hjá Bændasamtökum Íslands. Er með: MBA frá HÍ (2011-2013), BSc í viðskiptafræði frá HR með vinnu (2007-2011), Tölvufræði / Tæknibraut IR (1993-1997) , FIVB Coaching Level 1 (1993).

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Starfaði áður hjá Fiskistofu sem verkefnastjóri í veflausnum. Var framkvæmdastjóri og eigandi NF (1999 – 2002) og kerfisstjóri hjá Varnarliðinu (1997 – 1999). Ég var formaður samtaka leigjenda (2013-2014), Trúnaðarráð VR (2010 -2013), NF ehf. stjórnarformaður og eigandi (1999-2002), miðstjórn Iðnnemasamband Íslands (1993-1995), miðstjórn nemendafélags IR (1993-1997), formaður blakdeildar HK (1994-1997), Vinnulyftur ehf. stjórnarformaður (1996-1999), formaður Keiludeildar HK (1994-1997). Þjálfari yngri flokka í blaki HK (1991-1997).

HELSTU ÁHERSLUR

Húsnæðismál eru mér efst í huga þegar kemur að áherslum vegna framboðs til stjórnar VR. Til að verja kaupmátt launafólks ættu stéttarfélag að láta þessi mál sig varða. Fasteignaverð og húsaleiga hefur hækkað mikið að undanfögnu og er það mikið áhyggjuefni þegar kemur að kaupmætti. Þessi staða á fasteignamarkaði hefur ýtt fólki út á leigumarkaðinn eða „villta vestrið“ eins og margir kalla hann. Á íslenskum leigumarkaði ríkir ófullkomið regluverk og nánast ekkert framboð er af húsnæði til leigu. Þessu þarf að breyta og stéttarfélag þurfa að koma að þessari vinnu rétt eins og annari sem hefur áhrif á kaupmátt hins almenna launamanns.

Nýafstaðnar kjaraviðræður voru á margan hátt áhugaverðar. Í fyrsta skiptið í langan tíma var reynt að fá atvinnulíf til þess að halda aftur af reglubundnum verðhækkunum á móti hóflegum kröfum um launahækkun. Þrátt fyrir háleit markmið var illa staðið að framkvæmdinni og sem dæmi voru húsnæðismálin ekki tekin inn í myndina. Hækkun á fasteignaverði og húsaleiguverði núna í janúar ógna nú þegar forsendum kjarasamningsins og stöðugleikans sem leitað var eftir. Einn mesti áfellsdómur verkalyðsbaráttunnar á Íslandi er sú staðreynd að kaupmáttur launafólks á Íslandi er með þeim lakari sem gerist í Evrópu samkvæmt vefnum Numbeo og er það mín von að þetta muni breytast á komandi árum.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

A4/Egilsson ehf. Þjónustufulltrúi í fyrirtækjasölu og móttöku fyrirtækisins. Er með sveinspróf í hárgreiðslu frá Iðnskólanum í Reykjavík síðan 1994. Er núna við nám í Menntaskólanum í Kópavogi á Skrifstofubraut II. Lauk námi á Skrifstofubraut I í desember síðastliðnum.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef verið trúnaðarmaður VR hjá A4 síðan 2006. Sat í Trúnaðarráði félagsins frá 2007-2009 og aftur 2010-2011. Ég sat í stjórn VR á kjörtímabilinu 2011-2013 og hef verið varamaður í stjórn síðasta ár. Ég hef komið víða við á vinnumarkaðnum í gegnum árin. Ég var ekki nema 13 ára þegar ég fór út á land og vann í sjoppu og bensinstöð í sumarvinnu. Á unglingsárunum vann ég líka í frystihúsi, í saltfisk og skreið. Að sjálfsögðu prófaði ég líka unglingsvinnuna og var viðloðin bensinstörfin í gegnum unglingsárin. Ég þurfti því miður að leggja skærin á hilluna allt of fljótt eftir útskrift en fór þá í sölumennsku sem ég hef verið í meira og minna síðan 1998. Ég fór eitt ár til Bandaríkjanna sem au-pair og lærði mikið af því að vera fjarri fjölskyldu og vinum og þurfa að standa á eigin fótum.

HELSTU ÁHERSLUR

Mér finnst ennþá svo gaman að fá að taka þátt í starfinu í VR og þess vegna býð ég mig fram aftur. Ég er ennþá að læra en hef líka mikið til málanna að leggja. Mér finnst skipta miklu máli að stjórnin sé sem blönduðust bæði í aldri og störfum stjórnarmanna. Ég er sjálf í neðri þrepum launalistans og finnst mér það skipta máli að við sem þar erum séum líka í stjórn og ráðum. Því að við höfum ekki sömu sýn á hlutunum eins og þeir sem eru í hærri þrepum launastigans. Raddir allra hópa eiga að vera í stjórn svona stórs stéttarfélags því hagsmunir allra félagsmanna skipta máli. Við höfum ólíkar þarfir og ólíkar væntingar til stéttarfélagsins og vil ég vinni í því að koma á ólíkum leiðum innan félagsins sem hægt væri að velja úr. Þetta hefur verið í umræðu en ekki farið alla leið og vil ég halda þessari vinnu áfram. Ég held að þetta yrði frábær þjónusta viðbót fyrir félagsmenn að geta valið hvar þörfin þeirra er mest og fengið aðstoð og styrk á þeim sviðum sem henta hverjum og einum.



Ólafur Reimar Gunnarsson

Fæðingardagur og ár
27. september 1954

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
olafur.gunnarsson@is.ey.com
reimar@isl.is



Óskar Guðmundsson

Fæðingardagur og ár
23. september 1974

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
rassoplusso@gmail.com
istroll@visir.is

Facebook
Óskar eftir sæti hjá VR

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég útskrifaðist sem viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands (Cand Oecon) árið 1981. Í gegn um tíðina hef ég sótt ýmis námskeið og fyrirlestra á vegum endurmenntunar HÍ.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef verið félagi í VR síðan árið 1980. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á félagsmálum og hef setið í trúnaðarráði VR í nokkur ár, verið fulltrúi á ASÍ þingum og einnig verið fulltrúi á þingi Landssambands ísl. verzlunarmanna nú síðast á Akureyri í nóvember 2013. Hef verið virkur þátttakandi í starfi UMF Stjórnunnar. Var foreldrafulltrúi í starfi með yngri flokkum og sat í stjórn knattspyrnudeildar í nokkur ár og var formaður deildarinnar árin 1991 og 1992. Starfaði í rekstrarnefnd íþróttavalla Stjórnunnar og í byggingarnefnd félagsins frá 1993–2006.

Er félagi í Rauða Krossi Íslands og var í stjórn Garðabæjardeildar Rauða Kross Íslands frá stofnun deildarinnar árið 1993 og formaður deildarinnar árin 2006 og 2007. Þá var ég fulltrúi í svæðisráði RKÍ á höfuðborgarsvæði 1997 til 2005 og formaður ráðsins 2001-2002. Ég var fulltrúi deilda Rauða Kross Íslands á höfuðborgarsvæði í stjórn Fjölsmiðjunnar sem er verkþjálfunar- og framleiðslusetur fyrir ungt fólk á aldrinum 16 til 24 ára, sem flosnað hefur upp úr námi og ekki fótað sig á vinnumarkaði. Er í dag tengiliður stjórnar og starfsmanna Fjölsmiðjunnar. Er félagi í Róatarýklúbbnum Górdum og sit í stjórn klúbbsins.

HELSTU ÁHERSLUR

Kjaramálin eru mál málanna þessa dagana. Ég hef verið talsmaður þess að allir aðilar komi að samningaborðinu þ.e. fulltrúar launþega, atvinnurekenda svo og fulltrúar ríkisstjórnarinnar og reynt verði að ná einhverskonar þjóðarsátt um stöðugleika þar sem stemmt verði að því að ná niður verðbólgu og auka kaupmátt. Húsnæðismálin eru annar málaflokkur sem ég hef mikinn áhuga á. Það þarf að stuðla að því að ungu fólki verði gert auðveldara að koma sér upp öruggu húsnæði og þeim standi til boða fjölbreytt búsetuform. Atvinnumálin eru enn í mikilli óvissu og þar þarf VR að koma enn sterkar að og leggja sitt af mörkum til að stuðla að fjölgun atvinnutækifæra. Ég legg áherslu á að áfram verði unnið að eflingu jafnréttismála, starfsmenntunar og endurmenntunar innan félagsins. Félagsmálin. Það þarf að vinna að því að efla félagsvitund og áhuga félaganna á félaginu sínu.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Fulltrúi í gámarekstri hjá Samskip hf. Gagnfræðapróf auk um 80 eininga bók- og verknáms svo og ýmis námskeið, m.a. lyfjameðhöndlun svína, tilfinningagreind, heimspeki, tungumálanám og tölvuvinnsla.


REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Hef verið í VR síðan 2007. Trúnaðarmaður á vinnustað síðan 2009 og í trúnaðarráði VR frá 2010. Sat landsfund ASÍ fyrir hönd VR 2012 og stefni á hið sama í haust. Alinn upp í lúðrasveit Mosfellssveitar frá unga aldri. Er einnig formaður í bjórklúbbnum Öl-vaður.

Ég hef persónulega í frítíma mínum, undanfarin 13 ár, unnið leynt og ljóst að launa- og réttindamálum láglaunahópa og þá sérstaklega útlendinga og aðstoðað þá er til mín hafa leitað eftir fremsta megni.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég býð mig fram til starfa í stjórn VR vegna brennandi áhuga á kjara- og réttindamálum. Ég tel það lykilatriði að VR haldi úti eigin gagnasöfnun og vísitölu nauðpurfta og að þá vísitölu liti ekki munaðarvörur eða tvöföldunaráhrif skatta, þ.m.t. af áfengi, tóbaki, húshitunarolíu, burðargjöldum o.s.frv. Verðlag, hlutfallslegur kostnaður og breytingar verðbólgu eru mér og hagleikin og hef ég haldið saman mínum eigin gögnum og greint áhrif ýmissa breytinga sem og raunverulegt atvinnuleysi og reynt að greina rúm stétta til launa- og réttindahækkana. Framtíð VR getur styrkst verulega á komandi misserum með aukinni stjórnun almennings m.a. á ávöxtun eiginfjár í lífeyrissjóðum sínum og geti almenningur því í raun að miklu leyti valið hvort það kýs fremur, lágt vaxtastig (þá sem og verðbólgu) eða lágt vöruverð.



Sigurður Sigfússon

Fæðingardagur og ár

1. maí 1948

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

Siggi@n1.is



Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Fæðingardagur og ár

8. október 1969

Félagssvæði

Reykjavík og nágrenni

Netfang

svansi1969@gmail.com

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Starfsmaður Starfsmannafélags N1. Er með samvinnuskólapróf og framhaldsnám við Norska Samvinnuskólann.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Starfaði fyrir Samvinnuhreyfinguna frá 1970 – 1977 m.a. sem verslunar-ráðunautur og útibússtjóri KÁ á Laugarvatni. Kennari við Samvinnuskólann í Bifröst 1977 - 1983. Réðst til Olíufélagsins hf. ESSO, síðar N1 árið 1983. Hef starfað þar sem rekstrarstjóri bensínstöðva, svæðisstjóri, þjónustustjóri og markaðsfulltrúi en síðustu árin í starfi fyrir Starfsmannafélag N1.

Formaður Starfsmannafélags ESSO á árunum 2000 – 2004. Í stjórn og síðar formaður Deildar Samvinnustarfsmanna í VR. Deildin var lögð niður 1996 og hef ég setið í stjórn VR frá þeim tíma, fyrst sem varamaður, en aðalmaður í stjórn frá 2000. Formaður stjórnar sjúkrasjóðs VR frá 2010 - 2012. Sit í laganefnd og launanefnd VR. Formaður stjórnar orlofsjóðs frá 2012 og ritari stjórnar VR frá sama tíma. Varamaður í stjórn Stafa lífeyrissjóðs.

HELSTU ÁHERSLUR

Í kjaramálum mun ég áfram standa vörð um þá stefnu sem VR fylgdi í nýafstöðnum kjarasamningum og ég studdi heilshugar. Sú stefna byggir á því að koma á stöðugleika á Íslandi og um leið að tryggja kaupmátt þeirra launa sem við fáum greidd. Ég bind miklar vonir við jafnlaunavottun VR, sem mikilvægt tæki í baráttunni fyrir launajöfnuði kynjanna og jafnrétti.

Gera þarf breytingar á varasjóði VR með það að markmiði að hann þjóni betur þeim félagsmönnum sem eru á lægstu laununum. Ég hef beitt mér fyrir úrbótum á þessu sviði og mun halda því áfram.

Á vegum Orlofsjóðs VR er verið að reisa 5 smáhýsi í Miðhúsaskógi, sem er aðal orlofssvæði VR og verða þau tilbúin í byrjun sumars. Ný orlofsvefurinn, hann Frímann, er líka mikil framför.

VR veitir félagsmönnum sínum mikla og góða þjónustu og er ég stoltur af störfum mínum fyrir félagið á undanförunum árum og óska eftir umboði til að halda því starfi áfram.

VINNUSTAÐUR, STARF OG MENNTUN

Ég útskrifaðist frá Kennaraháskóla Íslands með B.ed gráðu árið 1999. Árið 2009 lauk ég diploma gráðu í Mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands. Ég hef unnið við fjölmiðla í 24 ár eða allt frá árinu 1990 bæði í útvarpi og við sjónvarp hjá 365 miðlum.

Á mínum fjölmiðlaferli hef ég stjórnað vinsælum útvarpsþáttum á Bylgjunni og var einnig rödd Bylgjunnar í mörg ár, samhliða því starfaði ég við auglýsingasölu á Stöð 2 sem felur meðal annars í sér samskipti við fyrirtæki og birtingahús. Í janúar 2014 hóf ég störf hjá Konunglega kvikmyndafélaginu sem opnar nú á næstu vikum tvo nýja fjölmiðla. Þar starfa ég sem markaðsfulltrúi.

REYNSLA AF FÉLAGSSTÖRFUM

Ég hef alla tíð haft mikinn áhuga á félagsmálum og setið í mörgum nefndum í gegnum tíðina. Ég var meðal annars forseti starfsmannafélags 365 miðla í 9 ár auk þess sem ég gegndi starfi trúnaðarmanns á sama vinnustað.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég tel mikilvægt að VR einbeiti sér að kjörum sinna félagsmanna og sé algjörlega óháð stjórnmalaflokkum og öðrum hagsmunasamtökum. Það er mjög áriðandi að upplýsa VR félagi um réttindi sín og efla þannig þátttöku þeirra í félaginu. Jafnrétti er mér hjartans mál sem og starfsmenntunarmál. Við þurfum að vinna markvisst að því að útrýma launamun kynjanna og styrkja konur til sóknar. Það er mikilvægt að hvetja félagsmenn að nýta sér starfsmenntunarsjóð til að styrkja stöðu sína á vinnumarkaði. Með aukinni menntun aukast atvinnu- og launamöguleikar, en mikilvægt er að atvinnurekendur standi með því að auka og efla starfsmenntun í landinu og starfsmenn sjái það í formi hærri launa og stöðuhækkunar.

LISTI UPPSTILLINGA-NEFNDAR 2014



Avar Karlsson

Fæðingardagur og ár
27. júlí 1971

Félagssvæði
Reykjavík og nágrenni

Netfang
aear@solarehf.is

STARF, MENNTUN OG FÉLAGSSTÖRF

Hef unnið sem deildarstjóri yfir nýju fasteignasjónarsviði hjá Sólar ehf. frá ársbyrjun 2011 og það hefur verið krefjandi og áhugasamt að vinna sig inn á þann markað með hópi góðs fólks sem þar starfar.

Útskrifaðist með stúdentspróf frá Menntaskólanum við Sund árið 1991 og flutti svo til Danmerkur árið 1999 þar sem ég tók fyrst BSc gráðu í Viðskipta- og tölvunarfræði frá Copenhagen Business School svo í framhaldi MSc gráðu í Stjórnun og tæknipróun. Flutti svo heim með fjölskyldu mína á ný haustið 2007. Er giftur Ingu Dís Hafsteinsdóttur og við eigum fjögur börn á aldrinum 4-18 ára, er starfandi Trúnaðarmaður í Sólar ehf síðan 2013, sit í stjórn SAMFOK (samtök grunnskólaforeldra í Reykjavík) síðan 2012, hef setið sem formaður Foreldrafélags Breiðholtsskóla síðan 2008, formaður Húsfélags Blöndubakka 6-20 síðan 2009 og framkvæmdastjóri Húsfélags Glæsibæjar síðan 2009.

HELSTU ÁHERSLUR

Ég ákvað að bjóða mig fram til setu í stjórn VR eftir að hafa setið þing LÍV í haust og kynnst því góða starfi sem VR er að vinna á landsvísi. Í stjórn VR situr samheldinn og öflugur hópur fólks og ég vil bjóða fram krafta mína til að styðja við það góða starf. Húsnæðismál eru mér ofarlega í huga og þá sér í lagi framboð húsnæðis, þróun leigumarkaðsins og möguleikar yngra fólks að eignast sitt fyrsta húsnæði. Ný byggingarreglugerð virðist leiða til aukins byggingarkostnaðar og það gerir fólki erfiðara fyrir sem er að byrja að fóta sig á íbúðamarkaðnum - það þarf áfram að vera möguleiki á því að byggja minni, ódýrari íbúðir í framtíðinni fyrir þá sem það kjósa. Einnig er öryggi lítið á leigumarkaðnum í dag og við Íslendingar þurfum að búa svo um að það sé raunhæfur valkostur að leigja í langtíma eins og þekkest í nágrennalöndum okkar. Verkalýðsfélögin í landinu þurfa að hvetja stjórnvöld til þess að búa að því að almenningur í landinu geti átt eða leigt þak yfir höfuðið á viðráðanlegum kjörum.

Samkvæmt lögum VR gerir Uppstillinganefnd félagsins tillögu um skipan í trúnaðarráð félagsins. Í 20. gr. laga VR, um kosningu formanns, stjórnar og trúnaðarráðs, segir:

„Stjórn og trúnaðarráði er skylt að stilla upp lista til trúnaðarráðs. Auglýsa skal í dagblöðum og á heimasíðu félagsins eftir félagsmönnum sem vilja taka sæti á listanum. Uppstillinganefnd skipuð formanni og fjórum einstaklingum kosnum af trúnaðarmannaráði skal velja framboðendur á listann úr hópi þeirra sem gefið hafa kost á sér.“

Framboðsfrestur til að skila inn framboðslistum til trúnaðarráðs fyrir kjörtímabilið 2014 - 2016 rann út á hádegi þann 13. febrúar 2014. Einn listi barst, listi stjórnar og trúnaðarráðs VR, þ.e. listi Uppstillinganefndar félagsins. Þar sem ekki bárust fleiri framboðslistar telst þessi listi réttkjörinn í trúnaðarráð VR fyrir kjörtímabilið 2014 - 2016. Listinn er birtur í heild hér að neðan.

NAFN

Aðalheiður Óladóttir
Alda Særún Guðbjörnsdóttir
Alexander Þórssón
Ágústa Harðardóttir
Áslaug Alexandersdóttir
Benedikt Geirsson
Bergþóra Eiðsdóttir
Edda Svandís Einarsdóttir
Elías Magnússon
Guðjón Steinarsson
Guðrún Indriðadóttir
Guðrún Þórsdóttir
Hafdis Bára Bjarnadóttir
Hafdis Erla Kristinsdóttir
Halldór Halldórsson
Helga Bryndís Jónsdóttir
Hildur Mósesdóttir
Ingi Guðmundur Ingason
Ingbjörg H Hjartardóttir
Ingbjörg Kristín Barðadóttir
Ingbjörg Óðinsdóttir
Jóhann Bjarni Knúttsson
Jóhanna S. Rúnarsdóttir
Jóhannes Már Sigurðarson
Jóna Matthildur Jónsdóttir
Kristófer Jónsson
Linda Rós Reynisdóttir
Magnús Þorsteinsson
Óskar Kristjánsson
Pálmi Viðar Harðarson
Ragnar Borgþórsson
Selma Björk Grétarsdóttir
Sigmundur Halldórsson
Sigríður Ásta Hallgrímsdóttir
Snjólaug Einarsdóttir
Trausti Guðmundsson
Unnur Elva Arnardóttir
Viðar Kristinsson
Þorgerður Jóhannsdóttir
Þóra Skúladóttir Öfjörð
Þórður Mar Sigurðsson

VINNUSTAÐUR

Ólíuverzlun Íslands hf.
Rekstrarvörur ehf.
Þ. Þórgímsson & Co ehf.
Johan Rönning hf.
Byko ehf.
Ístak hf.
Íþróttafélag Reykjavíkur
Flugfélagið Atlanta ehf.
VR
Gámaþjónustan hf.
Cabin ehf.
Guðmundur Jónasson ehf.
Kaupás ehf.
Icelandair ehf.
Bókhald og Uppgjör ehf.
Reykjavík Excursions ehf.
Lifandi markaður ehf.
Efla hf.
Sjónvörð-Almennar tryggingar hf.
Norðurál ehf.
Slökkvilið höfuðborgarsvæðis bs
Guðmundur Arason ehf.
Ölgerðin Egill Skallagríms ehf.
Atlantik Legal Services ehf.
ISS Ísland ehf.
Mjöll-Frigg ehf.
Vátryggingafélag Íslands hf.
Íslandsspil sf.
Vátryggingafélag Íslands hf.
Húsasmiðjan ehf.
Hekla hf.
Flugfélagið Atlanta ehf.
Síminn hf.
Reykjavík Excursions ehf.
Byko ehf.
Advania hf.
Síminn hf.
Advania hf.
Samfylkingin
Vörubílastöðin Þróttur hf.
Samskipti ehf.

KROSSGÁTAN

	Fristund krossgátu-gerð (e)	STOPP	TÓMRAR	NÆRRI	UMLI	GREIN	NUDD		RITARA	PRÓF-ADU	ÞRÖNGIN	HÝÐI
	FÓL							FORLÖG	1			
	BEL-JAKANA							HRÚGA MED TÖLU				
	STANSAD			SUND-FÆRIN FENGIS								
	ÚRGANGI							SLOTA SÖNG-LEIKINN				
	TAKI UPPI			2		GRISKUR STAFUR SÖNG-LAG					YNDINU	Í MÁLM-VINNSLU
		BLESSUN	HLUTA		RÖLT ÍSTRA		VEL GERÐUR ATVIK					
STINGS				SK.ST. MYNTAR		DÚKUR DYRID				ÞULA ÞOKA		
KLÁR				STAF BLÁSA		TÖLUNA KÚTNUM					FRÁ SVAR-DOGUM	
BETLI				6	ERLEND-UR ÍBUI					STAFS LAUPUR		
		TÆKI KORN			NÆRÐU LYKTAR		VEIGNUM NIRFILL					
FOR-MÓÐIR				NÆR HÚS				ÁSKÖK- UÐUB RÖÐIN	4			
FÁLM				HUGLAUS BORINN						FÁLMA SNAKK		
ÓRÆÐ TALA			HVIMPIN KVALA- LOSTI			PLÖNT- UNUM ORKA					EKKI ÞEKKTUR	KYLF- URNAR
LODDA				RYK Í SÓLSKINI SK.ST. TITILS		LAND- GANGAR REIFS				BORÐI TJÓN		
		ÚR- ÞVÆTTI HERSLU- STOKK					FLUG- FÉLAG KEMST			KEYRÐU KOL- VETNIS		
SÁRS		5			FJAR- STÆÐU- KENNDUR ELSKADI				7		8	
KNYIR				3	ORÐRÓM HVOFTUR				HÆDAR	GEYMI TREG		
	TVEIR EINS	HELGAST KEYR						SKATTA HLÝT				
SÁTT- MÁLA						ÓRÆK MÓTRÖK						
HÜB- IRNAR						OPNAÐS					PAPÝR- US- BÁTUR	



VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er: „Æskubrek“

Vinningshafni krossgátunnar í síðasta VR-blaði er Þórhallur Ásmundsson blaðamaður á Akranesi. Þórhallur hefur verið félagsmaður í VR í rúm sex ár eða síðan hann fluttist á Vesturland að norðan og hóf störf á Skessuhorni. Þórhallur segist njóta góðrar aðstoðar konu sinnar Sólveigar Höllu Kjartansdóttur við að ráða krossgátuna í VR-blaðinu en þau hafi bæði mjög gaman af krossgátum.

Í lausn krossgátunnar hér að ofan er orð. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skriðið „krossgáta“ utan á umslagjö.

Skilafrestur er til 5. apríl 2014.

Utanáskriftin er: VR-blaðið, Kringlunni 7, 103 Reykjavík. Einnig er hægt að senda lausnina á krossgata@vr.is

ÞAÐ ER ALDREI OF SEINT AÐ FARA Í NÁM

Viðtal við Fríðu Guðmundsdóttur umsjónarmann þjónustustöðva Olís.

Fríða Guðmundsdóttir hefur unnið hjá Olís í 23 ár. Hún byrjaði sem vaktstjóri í skúr á þvottaplaninu á Gullinbrú og í dag er hún umsjónarmaður þjónustustöðva Olís. Hún hefur mikinn áhuga á þjónustu- og fræðslumálum og þegar verslunarfagnamið var kynnt á sínum tíma hvöttu yfirmenn hana til að skrá sig. Í dag sér hún ekki eftir því, námið hefur eftir sjálfstraustið og gefið henni aukið öryggi í leik og starfi.

Lokaverkefni Fríðu í verslunarfagnáminu var að taka eina Olísstöð í gegn. Það verkefni vann hún ásamt öðrum nemanda og tóku þau stöðina á Háaleitisbraut í gegn. „Stöðin er eiginlega nákvæmlega eins og við settum hana upp á sínum tíma,” segir Fríða „sem er mjög skemmtilegt því þá sjáum við að það sem við gerðum var alveg að virka.“

Nám er einnig mikilvægur félagslegur þáttur; fólk kynnist sín á milli og oft verður til ævilangur vinskapur. Að sögn Fríðu kynntist hún mörgu fólki í náminu, bæði nemendum og kennurum, og eru þau mörg hver ennþá í góðu sambandi og hittast reglulega. „Það finnst mér frábært, margir sem ég kynntist voru á svipuðum stað og ég hvað varðar annað nám og starf og sumir hafa haldið áfram í námi og er ein þeirra t.d. byrjuð í háskólanámi. Við áttum það sameiginlegt að fyrir flest okkar var mjög langt síðan að við vorum í skóla og mér hefði ekki dottið í hug að taka það upp hjá mér að fara í nám.“ Fríða segir að stuðningurinn og hvatningin sem hún fékk á vinnustað sínum til þess að hefja námið sé henni ómentanleg.

Að sögn Fríðu þarf hún oft að standa upp og tala, hvort sem það er á starfsmannafundum eða á námskeiðum fyrir




starfsfólk Olís. Áður en hún fór í námið og á meðan á því stóð leið henni alltaf hörnulega þegar hún þurfti að standa upp og tala. Hún var með risastóran hnút í maganum og leið eins og hún væri eiginlega hálf lasin. Í dag er það öðruvísi: „Nú er ég öryggið uppmálað. Ég stend upp og tala og ef ég segi eitthvað vitlaust þá bara leiðrétti ég mig“ segir Fríða. „Starfið hefur breyst og þróast í þau ár sem ég hef verið hérna Verslunarfagnamið hefur gefið mér aukið forskot og námið hefur hjálpað mér að eflast stöðugt í starfi,” segir Fríða.

HEFJUM VERSLUNARSTÖRF TIL VEGS OG VIRÐINGA

þjónusta er ein stærsta atvinnugreinin á

Íslandi í dag. Það eru um 20.000 manns sem mæta til starfa í þjónustustörfum á hverjum degi. Þetta eru lykilarfagmenn fyrirtækja og oft fá þessi störf ekki þá virðingu sem þau eiga skilið. Því finnst mér nám eins og verslunarfagnamið gott fyrir verslunarfólk og vona ég að sambærilegt nám verði í boði aftur. Það þarf að hefja verslunarstörf upp til vegs og virðingar, segir Fríða. Hún greinir frá því að hjá Olís sé alltaf verið að huga að því hvernig hægt sé að styðja við starfsmenn til að vera í stakk búnir að veita góða þjónustu. Nú er það hluti af vinnu hennar að vera með fræðslu fyrir aðra starfsmenn og vill hún gjarnan hvetja þá til þess að fara í nám eins og hún fékk hvatningu til á sínum tíma. „Það er vanmetið starf að vinna í búð og það er ýmislegt sem starfsfólk þarf að takast á við,” segir Fríða. Verslunarstjórar búa yfir mikilli færni, og í raun eru þeir að reka sína einingu sem sína búð, sem kallar á fagmennsku og mikla vitneskju í verslunarstjórnun.

Fríða er mikil fjölskyldumanneskja og því finnst henni gott að vinna á stað sem er fjölskyldvænn og hugar að hag starfsmanna sinna. „Fjölskyldan mín skiptir mig öllu,” segir Fríða, „ég á þrjú börn og átta barnabörn sem ég elska að leika við. Fyrir utan fjölskylduna þá er mitt helsta áhugamál mitt ferðalög, hvort sem það er utanlands eða innanlands. „Uppáhaldsstaðurinn minn er Lónsöræfi, þvílík litadýrð, þangað ætla ég aftur,” segir Fríða.

„Ég hlakka alltaf til að mæta í vinnuna, ég vinn með yndislegu fólki á frábærum vinnustað og fæ að takast á við ný og spennandi verkefni á hverjum degi,” segir Fríða að lokum .

Ert þú að hugsa um
að fara í **nám**?

Hefur þú verið á
námskeiði nýlega?

- Samkvæmt nýjum reglum SVS er nú hægt að fá endurgreitt 75% af námskostnaði. Styrkupp hæðin getur numið allt að 90.000 kr. á ári.
- Markmið með nýjum reglum SVS er að hvetja félagsmenn til aukinnar þátttöku í símenntun.

Kynntu þér nýjar reglur SVS á www.starfsmennt.is eða hjá þínu stéttarfélagi.

*Að uppfylltum skilyrðum styrkveitingar



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



STARFSMENNTASJÓÐUR
VERSLUNAR- OG SKRIFSTOFUFÓLKS

Að Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks standa SA, VR og LÍV.